FRÉTTABLAÐIÐ

111. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 8. JÚNÍ 2021

Það er enn mikilfenglegt um að litast við eldgosið í Geldingadölum sem hófst þann 19. mars síðastliðinn þrátt fyrir að aðalflæði gossins sé nú neðanjarðar. Þessi mynd, sem tekin var með dróna við gosstöðvarnar í gær, sýnir að ef enn heldur áfram að gjósa gæti farið svo að gönguleiðin að eldstöðvunum fari undir hraun. Þúsundir hafa lagt leið sína að gosstöðvunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gagnrýna átakið Hefjum störf

Samtök atvinnulífsins og Samtök ferðaþjónustunnar segja verkferla er snúa að átaki Vinnumálastofnunar, Hefjum störf, skerða virkni úrræðisins. Tæplega tíu þúsund störf hafa verið skráð í átakinu en einungis hefur tekist að ráða í um 2.700 þeirra.

birnadrofn@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) segja verkferlum hjá Vinnumálastofnun sem snúa að átakinu Hefjum störf vera ábótavant og skerða virkni úrræðisins. Þetta kemur fram í minnisblaði frá SA og SAF til fjárlaganefndar Alþingis varðandi fjáraukalög og horfur á vinnumarkaði.

Í minnisblaðinu segir að atvinnurekendur hafi vakið athygli á að ráðningarferlið í átakinu Hefjum störf sé seinvirkt. Fjölmörg fyrirtæki hafi boðið starfsfólki í viðtöl, sem reynist svo vera farið af atvinnuleysisskrá, meðal annars vegna þess að það hafi ráðið sig annað.

Markmið átaksins er að skapa tímabundin störf í samvinnu við atvinnulífið, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Í því felast meðal annars ráðningarstyrkir til atvinnurekenda sem ráða atvinnuleitendur til starfa.

„Þá hafa einhver fyrirtæki ráðið inn starfsmenn í gegnum átakið en fengið synjun eftir á frá Vinnumálastofnun þar sem stofnunin hafði ekki tryggt frá upphafi að starfsmenn uppfylltu skilyrði ráðningarstyrks," segir í minnisblaðinu. Þetta er sagt geta valdið fyrirtækjum tjóni og viðkomandi starfsfólki óþægindum og ef til vill uppsögn.

Hinn 3. júní höfðu ríflega 9.700 störf verið skráð í átakið Hefjum störf. Einungis hafði þá tekist að ráða í um 2.700 þeirra.

Þá segir þar einnig að eftirspurn eftir ráðningarstyrkjum hafi verið nokkuð mikil að undanförnu. Þann 3. júní síðastliðinn, sama dag og minnisblaðið er dagsett, höfðu ríflega 9.700 störf verið skráð í átakið Hefjum störf en einungis hafði tekist að ráða í um 2.700 þeirra. „Þrátt fyrir sögulegt atvinnuleysi virðist því ganga treglega að ráða fólk af atvinnuleysisskrá," segir í minnisblaðinu.

Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar, vildi ekki tjá sig um umræddа gagnrýni í samtali við Fréttablaðið í gær. „Við þurfum að skoða þessa ferla, hvað þetta eru mörg mál og svo framvegis," segir Unnur. ■

Minnisvarði um Pelagus-slysið

kristinnhaukur@frettabladid

VESTMANNAEYJAR Minnisvarði um strand belgíska togarans Pelagusar árið 1982, þar sem tveir björgunarsveitarmenn fórust, var afhjúpaður í Heimaey á sjómannadaginn.

„Þetta ýtti á að björgunarsveitirnar gættu að sínu liði sem er oft og tíðum ekki síður í hættu en þeir sem er verið að bjarga," segir Sigurður Þ. Jónsson, hafnarvörður og gjaldkeri Björgunarfélagsins í Vestmannaeyjum, um slysið sem hann segir hafa markað tímamót hjá björgunarsveitum.

Sigurður segir að lengi hafi verið á döfinni að reisa minnisvarða um slysið en útkallsbók Óttars Sveinssonar árið 2017 hafi ýtt við mönnum. SJÁ SÍÐU 6

Erlent fyrirtæki veltir nú fyrir sér að kolefnisjafna framleiðslu rafmynta með skógrækt á Íslandi.

Vilja kolefnisjafna rafmyntina með íslenskum skógi

thorgrimur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Ef þeirra viðskiptamódel samræmist okkar markmiðum getum við látið þau fara saman," sagði Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri um fyrirspurn sem Skógrækt barst nýlega frá erlendu rafmyntafyrirtæki. Fyrirspurnin gekk út á möguleikann á að fjárfesta í skógrækt á Íslandi til þess að kolefnisjafna framleiðslu rafmynta.

„Hugmyndin þeirra er að búa til græna rafmynt og geta tengt hana við endurheimt landgæða, skógrækt og fleira í þeim dúr," segir Þröstur en áréttar um leið að aðeins sé um að ræða fyrirspurn og að samningaviðræður um verkefnið séu ekki hafnar.

„Okkur finnst gaman að það sé þessi áhugi úti í heimi, að menn hafi fattað að hér á Íslandi má rækta skóg og að þeir geti nýtt sér það í sínu viðskiptamódeli." ■

Hoppað í hafið

Ofurhuginn Konráð Gunnar Gottliebsson steypir sér ofan í sjóinn af pöllum við Elliðaárvog. Við rétt skilyrði teygir hæsti pallurinn sig í fjórtán metra. Í sumar stendur Konráð fyrir námskeiðinu Hoppa með Konna Gotta þar sem börn á aldrinum 10–14 ára geta boðið þyngdaraflinu birginn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Formaður Miðflokksins segir einsleita umræðu reynast ríkisstjórninni vel

adalheidur@frettabladid.is

ALÞINGI Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, gagnrýndi stjórnmálaumræðu undanfarna mánuði sem tíðindalitla í ræðu sinni á eldhúsdegi á Alþingi í gærkvöldi.

Hann sagði hana hafa einvörðungu snúist um faraldurinn sem hafi reynst ríkisstjórninni vel. „Því minna sem rætt var um stjórnmál því betra fyrir ríkisstjórnina," sagði Sigmundur.

Bar Sigmundur því við að tveir stjórnarflokkanna hafi ítrekað hafnað eigin stefnu, jafnvel grunngildum sínum, í stjórnarsamstarfinu. Gagnrýndi hann að byggðamál hafi að mestu gleymst á kjörtímabilinu og það sama megi segja um landbúnað.

Eldhúsdagsumræður fóru fram á Alþingi í gær.

Þá sagði hann að helsta framlag ríkisstjórnarinnar á sviði lýðheilsu hafi verið lögleiðing eiturlyfja, sem vísar líklega til frumvarps heilbrigðisráðherra um afnám refsinga fyrir vörslu neysluskammta á vímuefnum.

„Málið er hrein gjöf til þeirra skipulögðu glæpagengja sem hafa verið að leggja undir sig fíkniefnamarkaðinn á Íslandi og auka framboð sterkra vímuefna." ■

Bannaði þreytunni að koma fyrr en eftir útskrift

Þau Búi Steinn Kárason og Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir unnu Hengil Ultra um helgina. Hlupu 161 kílómetra. Ragnheiður mætti í vinnu í gær þar sem hún útskrifaði 26 nemendur í Húsaskóla. Búi tók sér frí og ætlar að slaka á út vikuna.

benediktboas@frettabladid.is

Ragnheiður útskrifaði um þrjátíu nemendur í gær frá Húsaskóla og bannaði eiginlega líkamanum að verða þreyttum fyrr en það væri búið. MYND/ICARUS

ÍÞRÓTTIR „Ég hlusta almennt ekki á neitt meðan ég hleyp en núna ákvað ég að vera með gulrót fyrir síðasta hringinn. Setti saman playlista og hljóp síðustu átta tímana með tónlist. Ég er einfaldur maður úr Hafnarfirði og vildi mitt þungarokk. Slayer, Deftones og gamla Metallica kom mér í gegnum síðustu klukkutímana. Það þarf ekkert að flækja hlutina," segir Búi Steinn Kárason, sem kom fyrstur í mark í Hengil Ultra sem fram fór um helgina. Hljóp 161 kílómetra á rúmum 23 klukkustundum.

Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir varð fyrsta konan í mark eftir um 26 klukkustunda hlaup. Hún var mætt til vinnu í Húsaskóla þegar Fréttablaðið náði tali af henni og var ekki að heyra að hún hefði verið að hlaupa í meira en sólarhring. „Ég er að fara að klára að útskrifa 26 nemendur í sjöunda bekk í Húsaskóla og það er smá stress í kringum það. Ég held að líkaminn ákveði að þegar útskriftin er búin þá þakkar hann fyrir sig og ég verði svolítið þreytt. Hann fær allavega ekki tækifæri til að kvarta fyrr en eftir útskrift," segir hún hress.

Ragnheiður hljóp með Mari Jaersk nánast í heilan sólarhring og segir hún að það hafi munað miklu að hlaupa í félagsskap. „Við vorum búin að vera að hlaupa saman í 24 eða 25 tíma en þá bara komst ég hraðar áfram. Það gerðist á svolítið erfiðum tíma því við vorum uppi á fjalli og veðrið var hræðilegt. Okkur var báðum kalt og þá var erfitt að skilja hana eftir en ég gat ekki beðið. Þá myndi ég kólna. Mér leið eiginlega ekki vel með þetta en sem betur fer sigldi hún í mark, sem gladdi mig mikið."

Búi segir að það skipti máli að velja staðina fyrir brosið.

Búi var í MGT í æfingum hjá Birki Vagni auk þess að hlaupa. Hann segir að hann ætli ekki að gera neitt alla þessa viku annað en að hvíla sig og njóta. „Það var þétt þoka á fyrsta hringnum og þá var ég ekkert endilega viss að ég myndi klára. Svo kom ég niður í Hveragerði og ég er svo heppinn að kærastan fylgir mér út um allt í þetta. Það gefur manni brjálæðislega mikið. Það eiginlega gerði gæfumuninn að fá koss á milli hringja," segir hann ástfanginn upp fyrir haus. ■

Hlutafjárútboð Íslandsbanka

Útboðið stendur yfir og lýkur 15. júní 2021

Íslandsbanki hf. hefur birt lýsingu, dagsetta 7. júní 2021, í tengslum við almennt hlutafjárútboð Íslandsbanka og í framhaldinu skráningu hlutabréfa Íslandsbanka á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á útboðsvef Íslandsbanka, islandsbanki.is/utbod, í 10 ár eftir birtingu hennar. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér innihald lýsingarinnar vel áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin, þ.á m. skilmála útboðsins og umfjöllun um áhættuþætti.

Hlutafjárútboðið stendur yfir og lýkur kl. 12:00, þriðjudaginn 15. júní 2021.

Um er að ræða almennt hlutafjárútboð sem nær til að hámarki 35% af útgefnu og útistandandi hlutafé Íslandsbanka hf., af hálfu Bankasýslu ríkisins fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands.

Tvær leiðir eru í boði fyrir fjárfesta, áskriftarleið A og áskriftarleið B, sem eru ólíkar er varðar stærð tilboða og úthlutun.

Tekið verður við tilboðum á útboðstímabilinu í gegnum útboðsvef Íslandsbanka, islandsbanki.is/utbod.

	Helstu skilmálar hlutafjárútboðs
Frumútboð Íslandsbanka	Útboðið fer fram annars vegar með almennu útboði á hlutabréfum til fagfjárfesta og almennra fjárfesta á Íslandi og hins vegar lokuðu útboði til tiltekinna fagfjárfesta erlendis.
Útboðstímabil	Móttaka tilboða hófst kl. 9:00 þann 7. júní og lýkur kl. 12:00 þann 15. júní. Tilboð eru skuldbindandi en þátttakendur geta afturkallað tilboð og/eða, eftir atvikum, lagt fram nýtt tilboð innan útboðstímabilsins.
Stærð útboðs	Útboðið nær til allt að 636.363.630 af útgefnum hlutum í Íslandsbanka hf. Til að mæta umfram-eftirspurn í útboðinu hefur seljandi veitt söluráðgjöfum rétt til að kaupa 63.636.363 hluti til viðbótar, sem eru ígildi 10% af útboðshlutunum.
Útboðsgengi	Þátttakendur geta lagt inn tilboð fyrir hlutum á bilinu kr. 71 til kr. 79 á hlut. Endanlegt útboðsgengi mun ráðast af lægsta samþykkta tilboði innan bilsins.
Stærð tilboða	Áskriftarleið A: Tilboð á bilinu kr. 50.000 til og með kr. 75.000.000. Áskriftarleið B: Tilboð að fjárhæð yfir kr. 75.000.000.
Sértækar reglur um úthlutun	Horft verður til viðmiða út frá lögum nr. 155/2012, lögum nr. 88/2009, eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, ákvörðunar ráðherra frá 29. janúar 2021 sem og viðskiptavenja um úthlutun í alþjóðlegum fagfjárfestaútboðum. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skráningarlýsingu í kaflanum „Terms and conditions of the offering". Áskriftarleið A: Leitast verður eftir því að tilboð að fjárhæð kr. 1.000.000 eða lægri verði ekki skert.
Greiðsla og afhending hluta	Stefnt er að afhendingu hluta í síðasta lagi tveimur virkum dögum eftir móttöku greiðslu vegna hverrar einstakrar áskriftar. 16. júní Úthlutun tilkynnt og greiðsluseðlar aðgengilegir í netbanka 21. júní Eindagi greiðsluseðla 22. júní Áætlaður fyrsti viðskiptadagur

Íslandsbanki er að fullu í eigu íslenska ríkisins en Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í bankanum skv. lögum nr. 88/2009. Bankasýsla ríkisins lagði fram tillögu til fjármála- og efnahagsráðherra um að hefja sölumeðferð á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka í desember 2020. Ráðherra lagði í framhaldinu minnisblað fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis líkt og lög nr. 155/2012 gera ráð fyrir. Að undangengnum umsögnum nefndanna ákvað ráðherra í lok janúar 2021 að hefja sölumeðferð, sem endurspeglaði viðmið nefndanna, og Bankasýsla ríkisins hefur haft umsjón með skv. ákvæðum laga nr. 155/2012. Í lok hlutafjárútboðs mun Bankasýsla ríkisins skila rökstuddu mati á áskriftum til ráðherra sem tekur lokaákvörðun, sbr. lög nr. 155/2012.

Upplýsingar og aðstoð vegna áskriftarleiðar A veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Íslandsbanka hf.

440-4000
verdbref@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/utbod

Upplýsingar og aðstoð vegna áskriftarleiðar B veitir Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf.

440-4000
ipo@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/utbod



Hálfrar milljónar króna tjón vegna sundlyklaþjófnaðar

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Um 60 lyklum að búningsklefum hefur verið stolið úr Grafarvogslaug á aðeins þremur vikum. Tjón laugarinnar er rúmlega hálf milljón króna og er nú svo komið að laugin getur ekki endurnýjað lyklana innan skamms tíma.

„Það eru einhverjir sniðugir að gera okkur grikk og það er mjög erfitt að fylgjast með þessu," segir Hrafn Jörgensson forstöðumaður. Hefur það komið fyrir í öðrum laugum að lyklaþjófnaður færist tímabundið í vöxt en Hrafn segir að slíkt hafi ekki áður gerst í Grafarvoginum.

Faraldurinn er bundinn við karlaklefann þar sem eru 110 klefar og hefur því rúmlega helmingi lyklanna verið stolið. Hver lykill og skrá kosta 9 þúsund krónur og samanlagður kostnaður er því um 540 þúsund krónur. Laugin er ekki tryggð fyrir tjóninu og þarf því að taka það af rekstrarfénu.

> Undanfarnir dagar hafa verið rólegir og við vonum að brandarinn sé búinn.
>
> Hrafn Jörgensson, forstöðumaður

Hrafn segir að reynt sé að fylgjast með því á hvaða tímum lyklarnir hafi verið að hverfa og út frá því hafi starfsfólk vísbendingar um hvaða hópur sé að verki, án þess að gefa það upp. „Undanfarnir dagar hafa verið rólegir og við vonum að brandarinn sé búinn," segir hann.

Lyklaþjófnaður hefur einkum verið stundaður af þeim sem reyna að eigna sér ákveðna klefa, enda hafa lyklarnir ekkert notagildi utan lauganna. Stundum kemur fyrir að fólk taki lykla óvart með sér heim en í þessu tilviki virðist um skemmdarverk margra einstaklinga að ræða.

Í Grafarvogslaug hefur verið rætt um að skipta yfir í talnakóða eða hengilásakerfi eins og víða hefur verið komið upp til að spyrna við lyklaþjófnaði. Áhyggjur af því hvernig eldri gestir myndu taka slíkri breytingu hefur hins vegar aftrað því sem stendur. Standa vonir til þess að ekki þurfi að breyta um kerfi. ■

Foringjar í Hjálpræðishernum.

Fleiri skráningar í Hjálpræðisherinn

gar@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG Meðlimum Hjálpræðishersins hefur fjölgað um 50 prósent á einu og hálfu ári. Þetta má lesa úr nýjum tölum Þjóðskrár um skráningar í trúfélög.

Þann 1. desember 2019 voru 95 skráðir í Hjálpræðisherinn. Ári síðar voru meðlimirnir orðnir 127. Nú hálfu ári síðar telur hópurinn 142.

Félagarnir halda áfram að yfirgefa Zuism sem verið hefur í brennidepli vegna ásakana um misferli með fé félagsins. Yfir þrjú þúsund manns voru í söfnuðinum þegar mest var. Þar eru nú 754 skráðir meðlimir. ■

Auður segist ekki hafa virt mörk

kristlin@frettabladid.is

SAMFÉLAG Auðunn Lúthersson, Auður, birti í gær yfirlýsingu þar sem hann kveðst ekki alltaf hafa virt mörk en þvertekur fyrir flökkusögur sem hafa gengið um hann á samfélagsmiðlinum Twitter.

„Árið 2019 fór ég yfir mörk konu án þess að átta mig á því," segir Auðunn, sem kveðst hafa beðist afsökunar og reynt að axla ábyrgð. „Upplifun konunnar er það sem skiptir máli." ■

Umhverfisskýrsla um knatthús sögð vanreifuð og vonbrigði

Skýrsla um umhverfisáhrif af fyrirhugaðri íþróttahöll Knattspyrnufélagsins Hauka við Ástjörn er vanreifuð og segir heilbrigðisnefnd það vera vonbrigði að ekki sé svarað áleitnum spurningum sem nauðsynlegt sé að svara.

gar@frettabladid.is

Knatthús Hauka á að rísa við mörk friðlands við Ástjörn þar sem eina flórgoðavarp Suðvesturlands er. MYND/HAUKAR

UMHVERFISMÁL Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis segir umhverfisskýrslu VSÓ ráðgjafar vegna knatthúss við mörk friðlýsts lands við Ástjörn valda „ákveðnum vonbrigðum" og matsfyrirspurn vegna framkvæmdarinnar vera vanreifaða.

Heilbrigðisnefndin vísar í bókun til umsagnar heilbrigðiseftirlitsins. Þar komi fram að það séu einkum þrír þættir sem eingöngu varða hið friðlýsta svæði Ástjarnar sem framkvæmdaaðili þyrfti að hafa í huga og eiga svör við þegar matsskyldufyrirspurn er lögð fram.

„Það eru hugsanleg áhrif framkvæmdar á lekt hraunstíflunnar sem heldur uppi grunnvatnsborði Ástjarnar, um skuggaáhrif mannvirkisins á Ástjörn og friðlýsta svæðið og loks um áhrif framkvæmdar og væntanlegur rekstur mannvirkja til framtíðar á friðlýsta svæðið og þá um leið ekki síst hugsanlegar mótvægisaðgerðir," segir heilbrigðisnefndin.

„Veldur það ákveðnum vonbrigðum hvað lítið er fjallað um þungamiðju framkvæmdanna, það er að flytja fjölnota knatthús að mörkum friðlýsta svæðisins og hvaða áhrif það hefur á friðlýsta svæðið og hvaða mótvægisaðgerðir eru mögulegar," segir heilbrigðisnefndin. Ýmsir hnökrar hafi verið á framkvæmd friðlýsingar Ástjarnar.

> Hafnarfjarðarbær telur óhjákvæmilegt að raska hrauni. Dregið verði úr raskinu með útfærslu sem lögð sé til.

„Að mati heilbrigðiseftirlitsins svarar greinargerð VSÓ ekki öllum þeim áleitnu spurningum sem nauðsynlegt er að skoða og því sé matsfyrirspurnin vanreifuð," er niðurstaða nefndarinnar sem sýnist í meginatriðum sú sama og sett var fram í bókun um málið í fyrrahaust.

„Heilbrigðisnefnd telur að umhverfisskýrsla vegna breytinga á deiliskipulagi Ásvalla svari ekki þeim áleitnu spurningum sem vakna um áhrif háreists knattspyrnuhúss á vatnabúskap Ástjarnar eða lífríki hennar," sagði nefndin þá.

Umhverfisstofnun segir framkvæmdina þurfa að fara í umhverfismat. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, sagði við mbl.is fyrir um tveimur vikum að það hefði ekki áhrif á framgang málsins.

Í fyrrnefndri skýrslu VSÓ ráðgjafar segir að valkostir í málinu séu taldir hafa óveruleg til neikvæð áhrif á umhverfisþætti.

„Helstu áhrif felast í raski á eldhrauni og einnig vegna ásýndarbreytinga og raski á gróðri. Að mati Hafnarfjarðarbæjar er óhjákvæmilegt að raska hrauni, en að með þeirri útfærslu sem lögð er til hafi sem kostur er verið dregið úr raskinu," segir í skýrslunni. Uppbygging íþróttasvæðis á öðrum stöðum á Völlunum geti ekki mætt þeim markmiðum sem sett séu í skipulagi eða sé til þess að valda minni umhverfisáhrifum.

Fram kemur í skýrslu VSÓ að við Ástjörn sé eina flórgoðavarpið á Suðvesturlandi. Bannað sé að breyta náttúrulegu vatnsborði tjarnarinnar og að losa á vatnasviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu.

„Framkvæmdin er ekki talin ganga gegn skilmálum friðlýsingarinnar. Ástjörn er hraunstífluð tjörn þar sem tvö hraun virka sem „stemmir" á tjörnina og halda uppi vatnshæð. Þar sem gröftur framkvæmdarinnar nær ekki niður að hæsta grunnvatnsyfirborði er ekki talin hætta á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lekt stemmisins, og þar af leiðandi ætti flæði grunnvatns úr Ástjörn að haldast óbreytt," segir meðal annars í skýrslu VSÓ. ■

APÓTEK LYFSALANS

Glæsibær

Vesturlandsvegur

Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 10.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 9.00 - 18.00 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

Alvöru rafmagnsvespur frá enox.®

Henta 13 ára og eldri
Ekkert skellinöðrupróf
Engar dýrar tryggingar
Græn og umhverfisvæn

25 km klst.
21%

25 km klst.
12%

135.000 kr
~~169.990 kr~~

Rafmagnsvespa ENOX V7
Umhverfisvænt farartæki, engin loftmengun og engin hávaðamengun. Lipurt og meðfærilegt. Hámarkshraði er stilltur á 25 km/klst. og drægni á rafhlöðu er allt að 80 km, rafgeymir tryggir endingu í minnst 800 hleðslur. Tveggja ára framleiðsluábyrgð. **3903101**

175.000 kr
~~199.900 kr~~

Rafmagnsvespa ENOX EM215-2
Umhverfisvænt farartæki, engin loftmengun og engin hávaðamengun. Hámarkshraði er 25 km/klst., drægni á rafhlöðu er allt að 100 km. Tveggja ára framleiðsluábyrgð. **3903099**

HÚSASMIÐJAN
FYRIR ÞIG

Nett og nútímaleg hönnun sem hefur vakið mikla athygli. Þýskt-kínverskt samstarf tryggir hágæða framleiðslu og ótrúlega hagstætt verð. Umhverfisvæn farartæki, engin loftmengun og engin hávaðamengun.

Fást aðeins í Húsasmiðjunni

enox.® enjoy life
ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Bandaríkin eyddu 34,7 milljörðum dala í kjarnavopn á síðasta ári.

Tug milljarðar í kjarnorkuvopn

kristinnpall@frettabladid.is

KJARNORKUVOPN Í nýrri skýrslu samtaka gegn kjarnorkuvopnum (e. International Campaign to Abolish Nuclear Weapons) kemur fram að þrátt fyrir heimsfaraldurinn og fjárhagsleg áhrif hans var meira fjármagni eytt í kjarnorkuvopn árið 2020 en árið áður.

Á síðasta ári var 72,6 milljörðum dala eytt í kjarnorkuvopn, sem er 1,4 milljörðum meira en árið 2019. Rúmlega helming þeirrar upphæðar má rekja til Bandaríkjanna sem eyddu 37,4 milljörðum í kjarnorkuvopn á síðasta ári. Þetta þýðir að 137 þúsund dollurum var eytt á mínútu í kjarnorkuvopn eða 16,5 milljónum íslenskra króna.

Samtökin, sem fengu friðarverðlaun Nóbels árið 2017, fylgjast með þróun kjarnorkuvopna á heimsvísu og vöktu athygli á því að „á sama tíma og spítalar eru fullir og lyfjaskortur víðs vegar í heiminum eyddu níu lönd rúmlega 72 milljörðum dala í gereyðingarvopn“. ■

Himinhá sekt frá Frökkum vegna vefauglýsinga

arnartomas@frettabladid.is

FRAKKLAND Samkeppniseftirlitið í Frakklandi hefur sektað tæknirisann Google um 220 milljónir evra fyrir að misnota ráðandi stöðu sína á vefauglýsingamarkaði.

Að sögn eftirlitsins hefur Google skaðað samkeppnisaðila með auglýsingum sínum og að það væri á ábyrgð fyrirtækis með markaðsráðandi stöðu að forðast að grafa undan samkeppninni.

Engar mótbárur bárust frá Google og lofuðu forsvarsmenn í kjölfarið að endurskoða hvernig kaup og sala á auglýsingum þeirra færi fram, að minnsta kosti í Frakklandi. ■

Raunfærnimat tekið upp í leikskólakennaranámi

urduryrr@frettabladid.is

MENNTAMÁL Raunfærnimat verður tekið upp næsta haust til styttingar á leikskólakennaranámi við Háskóla Íslands. Þetta verður fyrsta námsleiðin í skólanum sem tekur upp raunfærnimat en einstaklingar með reynslu af starfi í leikskólum geta þá fengið reynslu sína metna í viðeigandi námskeiðum.

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, umsjónarmaður námsleiðar í leikskólafræðum, segir þetta vera leið til að hvetja fólk í nám á sviði þar sem það hefur þegar mikla reynslu. „Við erum alltaf að reyna að finna leiðir til að styðja fólk í náminu og fá fólk í námið,“ segir hún.

Um er að ræða þróunarverkefni sem hefst á næsta skólaári fyrir nemendur sem eru þegar byrjaðir í námi. Í framhaldinu er stefnt á að bjóða nemendum að taka raunhæfnimat við upphaf náms.

„Þetta er svolítið viðamikið ferli sem fólk fer í gegnum og það þarf að sýna fram á sömu hæfni og þeir sem

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, lektor.

fara í gegnum námskeiðin,“ segir Ingibjörg. „Færni fólks af vettvangi þarf að tengjast hæfniviðmiðum námsins.“

Stjórnvöld á Íslandi hafa undanfarin ár staðið fyrir átaksverkefni til að fjölga menntuðum leikskólakennurum í leikskólum landsins. Til að mynda með hvatningarstyrkjum til kennaranema á lokaári meistaranáms.

Í kjölfar átaksins hefur verið mikil aukning í umsóknum til framhaldsnáms leikskólakennara. Vonast er til að raunfærnimat til leikskólakennaranáms muni stuðla að enn meiri fjölgun menntaðra leikskólakennara. ■

Minnisvarði reistur um slysið sem markar tímamót í björgunarsögu

Strand belgíska togarans Pelagusar markaði tímamót í sögu björgunarsveitanna því þá fórust í fyrsta skipti björgunarmenn í útkalli. Tveir ungir skipverjar fórust einnig í slysinu, fyrir hartnær fjörutíu árum, sem minnst var með nýjum minnisvarða í Prestvík.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Aðstandendur þeirra sem létust í aðgerðinni voru meðal viðstaddra við afhjúpun minnisvarðans. MYND/AÐSEND

VESTMANNAEYJAR Á sjómannadaginn afhjúpaði Björgunarfélag Vestmannaeyja minnisvarða um strand belgíska togarans Pelagusar, árið 1982. Þá fórust tveir björgunarsveitarmenn, Hannes Óskarsson sveitarforingi og Kristján Víkingsson læknir, og tveir skipverjar sem báðir voru innan við tvítugt.

Sigurður Þ. Jónsson, hafnarvörður og gjaldkeri Björgunarfélagsins, segir slysið hafa markað tímamót hjá björgunarsveitunum. Þótt björgunarsveitarfólk hafi margsinnis sett sig í mikla hættu áður hafi þetta verið í fyrsta skipti sem sveitirnar misstu fólk. „Þetta ýtti á að björgunarsveitirnar gættu að sínu liði sem er oft og tíðum ekki síður í hættu en þeir sem er verið að bjarga,“ segir hann. „Þetta var líka mikið högg fyrir fólkið hér í Vestmannaeyjum.“

Pelagus strandaði við Prestvík, á austanverðri Heimaey, aðfaranótt 21. janúar 1982 en hann hafði verið í togi annars belgísks togara og vírinn slitnað. Strandaði hann á hrauninu sem myndaðist í Heimaeyjargosinu árið 1973.

Átta manns voru um borð og tókst björgunarsveitarmönnum fljótlega að bjarga fjórum þeirra í land með fluglínutækjum. Þegar sveitirnar mættu var vitað að einn skipverjanna, Patrick Maes, hefði fallið útbyrðis og væri látinn. Voru aðstæður erfiðar til að sækja hina þrjá því sjór gekk yfir skipið og óvíst hvar þeir væru.

Þegar lægði um morguninn treystu björgunarsveitarmenn sér til þess að fara út í togarann og fundu skipverjana þá á lífi, þann yngsta fimmtán ára. Fljótlega hvessti aftur og skipið veltist um í fjörunni. Tókst að koma tveimur skipverjanna í land en alda hreif Hannes, Kristján og þriðja skipverjann, Gilbert Stavelinck, sautján ára, og létust þeir allir.

Sigurður segir að það hafi verið lengi á döfinni að reisa minnisvarða um Pelagus-slysið. Útkallsbók Óttars Sveinssonar árið 2017 hafi ýtt við

> Þetta ýtti á að björgunarsveitirnar gættu að sínu liði sem er oft og tíðum ekki síður í hættu en þeir sem er verið að bjarga.
>
> Sigurður Þ. Jónsson, hafnarvörður og gjaldkeri Björgunarfélags Vestmannaeyja.

mönnum og loks hafi stjórn Björgunarfélagsins ákveðið þetta í fyrra.

„Það er bæði erfitt að komast að strandstaðnum og svolítið hættulegt þannig að við ákváðum að reisa minnisvarðann við útsýnispallinn hjá Nýja hrauni,“ segir Sigurður um staðarvalið. „Við viljum hafa gott aðgengi að honum.“

Minnisvarðinn er skjöldur á stórum steini í hellulögðum hring. Flutti Sigurður ávarp fyrir hönd Björgunarfélagsins áður en skjöldurinn var afhjúpaður, undir fána Íslands og Belgíu. Voru það Óskar Óskarsson, bróðir Hannesar, Elfa Gísladóttir, ekkja Kristjáns, og Karl Axel, sonur hans, sem afhjúpuðu hann. ■

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

KING KOIL

2021 LÍNAN AF KING KOIL ER KOMIN

★★★★★

KOMDU OG UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM

2021 LÍNAN FRUMSÝND Í REKKJUNNI



KIROPRAKTORSTOFA ÍSLANDS

„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvíldari eftir að ég fór að sofa á **King Koil.**
Ég mæli persónulega og faglega með **King Koil.**“

Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.
Kírópraktor/ Framkvæmdastjóri
Kírópraktorstofa Íslands

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Hvað á að kjósa?

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Nú þegar línur eru farnar að skýrast með framboðslistum stjórnmálaflokkanna er hægt að byrja að greina hvað við erum í raun að fara að kjósa um í komandi alþingiskosningum. Prófkjörin segja okkur eitt og annað um hvað er í vændum. Hver verða helstu málin, hverjum treystum við til valda og hvað greinir flokkana í sundur?

Mikil þátttaka var í nýafstöðnu prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og ef frá er talin góð kosning Guðlaugs Þórs, bar þar hæst kosningasigrar ungra kvenna. Ungar stjórnmálakonur raðast í annað, þriðja og fjórða sæti listans og segja mætti að tvær þeirra, aðstoðarmenn ráðherra, Hildur Sverrisdóttir og Diljá Mist Einarsdóttir, séu sigurvegarar prófkjörsins, enda hlutu báðar glæsilega kosningu. Diljá Mist tók þátt í sínu fyrsta prófkjöri og hlýtur eina þá bestu kosningu sem nýliði hefur fengið í flokknum.

Það eru skýr skilaboð sem send eru með því vali þar sem ungum konum er í auknum mæli treyst fyrir ríkri ábyrgð. Auk þess sem áberandi flokksmenn, Brynjar Níelsson og Sigríður Andersen, hljóta ekki náð fyrir augum kjósenda flokksins.

Brynjar ákvað að taka skilaboðunum sem honum voru send með fimmta sætinu, sem er ansi langt frá því sem hann sóttist eftir, og ætlar að finna sér annan starfsvettvang. Fyrrum ráðherrann Sigríður Andersen fauk út af listanum. Landsréttarmálið er líklega ekki gleymt.

Kjósendur hafa lengi vel kallað eftir auknum möguleikum á persónukjöri og háværar raddir hafa verið uppi um að kjörnir embættismenn axli ríkari ábyrgð á gjörðum sínum. Hér nýtti Sjálfstæðisfólk þann möguleika sem við höfum til að velja okkur fólk og draga fólk til ábyrgðar. Um íhaldið virðist blása ferskur andvari með yngra fólki og fleiri konum og það verður áhugavert að sjá hvaða áhrif upplyftingin hefur.

Sjálfstæðisflokkurinn, fyrrum frelsisbandalagið Píratar, allir miðjuflokkarnir, Viðreisn, Samfylking og Framsókn og líka Vinstri græn, róa á miðjuna. Popúlistar Miðflokksins, Flokks fólksins og að lokum Sósíalistaflokkurinn róa líklega á önnur mið.

Enginn flokkur sem á raunhæfa möguleika á stjórnarsetu boðar miklar breytingar og kjósendur geta verið vissir um að það er engin kollsteypa fram undan. Ekki í auðlindamálum, ekki í umhverfismálum, ekki í gjaldeyrismálum og ekki í Evrópumálum. Og ekki verða skattar lækkaðir. Við þurfum að greiða niður hallann eftir Covid. Sama hvaða flokk þú kýst og sama hvaða málefnum þú brennur fyrir. Hverjir sem verða við völd þurfa að takast á við hið risavaxna verkefni sem fram undan er – að loka gatinu eftir Covid.

Þeir sem eru lengst til hægri gætu því átt erfitt með að verja atkvæði sínu, þeir sem eru lengst til vinstri gætu hugsanlega fundið skjól hjá Sósíalistum – en langflestir kjósendur geta glaðir valið um fjölda flokka á miðjunni.

Og hver veit nema við kjósendur fáum stjórn sátta og samvinnu?

> Það eru skýr skilaboð sem send eru með því vali þar sem ungum konum er í auknum mæli treyst fyrir ríkri ábyrgð.

Halldór



Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Kvöldgrunnskóli
Hressasta þjóðarsport Íslendinga, á eftir ketó, CrossFit og heitum pottum, er að framkvæma af fallegri hugsjón án þess að spá í stóru myndina. Þannig hefur stytting vinnuvikunnar leitt af sér eins konar Purge-ástand eftir hádegi á föstudögum þegar engar löggur eru á vakt. Svo má ekki gleyma ákalli þjóðarinnar eftir Tannlæknastofnun ríkisins. Næsti lausi tími er klukkan 16 í maí 2023. Þessi hugsun kann þó að vera á undanhaldi ef marka má nýtt verkefni borgarinnar og landlæknis til að aðlaga skólahald að ungmennum. Verður nú aðeins kennt í kvöldskóla því þau eru hvort eð er vakandi alla nóttina.

Ain't seen nothing yet
Margir stukku hæð sína í loft upp þegar fréttir bárust af því að Sjálfstæðismenn í borginni hefðu hafnað Sigríði Andersen og Brynjari Níelssyni. Má svo ekki gleyma Birgi Ármannssyni sem þarf enn og aftur að vaka til sex á kosninganótt og naga neglurnar. Það sem andstæðingar Brynjars og Sigríðar skilja kannski ekki er að, eins og túnfíflar, finnur hressa íhaldið sér alltaf leið. Blasir nú við að þeirra næsta hrollvekja er rétt handan við hornið í líki Arnars Þórs Jónssonar sem er líklegur inn í Kraganum. You ain't seen nothing yet, eins og skáldið sagði. ■

Við þurfum að taka inn D-vítamín

Alma D. Möller
landlæknir

Fyrstu niðurstöður úr Landskönnun á mataræði fullorðinna benda til að um 40% þátttakenda taka ekki D-vítamín sem fæðubót. Rannsóknir hjá börnum á grunnskólaaldri og unglingum á Íslandi benda í sömu átt.

D-vítamín er fituleysið vítamín sem myndast í húðinni fyrir tilstilli útfjólublárra geisla sólar. Það er aðeins að finna í fáum fæðutegundum; í feitum fiski t.d. laxi, bleikju, lúðu, síld, sardínum og makríl, eggjarauðu og vítamínbættum vörum. Það er nær ómögulegt að fullnægja þörfinni með fæðunni einni saman og því er ráðlagt að taka inn D-vítamín sem fæðubót, annaðhvort lýsi eða D-vítamíntöflur, sérstaklega yfir vetrarmánuðina en einnig á sumrin ef notuð er sólarvörn.

D-vítamín hefur mörg mikilvæg hlutverk í líkamanum, meðal annars að stuðla að upptöku á kalki úr fæðunni og uppbyggingu beina. Magnið af D-vítamíni sem er ráðlagt er mismunandi eftir aldri:

- Fyrir ungbörn og börn á aldrinum eins árs til níu ára er ráðlagður skammtur 10 míkrógrömm (µg) á dag sem svara til 400 alþjóðlegra eininga (AE)
- 10 ára til 70 ára er ráðlagt að fá 15 µg á dag (600 AE) á einnig við um barnshafandi konur
- 71 árs og eldri er ráðlagt að fá 20 µg á dag (800 AE)

Mikið hefur verið rætt um hvort D-vítamín geti minnkað líkur á að sýkjast af COVID-19, sjá Vísindavef Háskóla Íslands. Í nýlegri ritstjórnargrein í tímaritinu Lancet er rætt að dagleg neysla D-vítamíns í skömmtum á bilinu 10–25 míkrógrömm (400–1000 AE) í 12 mánuði kunni að draga úr öndunarfærasýkingum almennt, einkum hjá þeim sem hafa D-vítamín skort fyrir. Þetta magn er í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um neyslu á D-vítamíni. Hægt er að lesa nánar um D-vítamín á landlaeknir.is og heilsugaeslan.is. ■

> Mikið hefur verið rætt um hvort D-vítamín geti minnkað líkur á að sýkjast af COVID-19, sjá Vísindavef Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Orð og athafnir sem eru letjandi í stað þess að valdefla konur

Stella Ásdísar Kristjánsdóttir
grunnskóla-kennari.

> Orðræða er einn liður í því að færa konum meiri virðingu.

Af hverju bjóða konur sig ekki fram sem formenn sinna stéttarfélaga sérstaklega þar sem mikill meirihluti félagsmanna eru konur, t.d. leikskólakennarar, grunnskólakennarar og hjúkrunarfræðingar og það mætti nefna fleiri stéttir þar sem þetta á við? Konur sem félagsmenn setja konur almennt í valdletjandi stöðu með þátttökuleysi sínu í ábyrgðarstörfum. Treysta konur sér ekki í formennsku, hafa ekki tíma, eða treysta aðrar konur þeim ekki og kjósa karla til ábyrgðarstarfa? Jafnrétti samkvæmt lögum er ekki nóg til að virðing og viðhorf til kvenna sé það sama og fyrir körlum. Konur þurfa að huga vel að því hvaða afleiðingar gjörðir og val þeirra hefur á ímynd kvenna og valdastöðu innan samfélagsins. Ungar konur verða að vera vakandi fyrir ábyrgðinni sem hvílir á þeirra herðum við að jafna stöðu kynjanna, bæði í orði og á borði. Konur þurfa að temja sér að gera allt sem þær geta án þess að biðja um aðstoð frá karlmanni við hin ýmsu verkefni daglegs lífs, s.s. að aka bíl, skipta um dekk, mála, smíða, halda á þungum hlutum. Það er ennþá mjög áberandi hver situr undir stýri þegar makar hvort af sínu kyninu eru saman í bíl. Af hverju velur konan að vera farþegi í þeim tilfellum í stað þess að aka bifreiðinni eins og hún gerir alla jafna? Með þessu athæfi er konan að gefa stelpum og strákum ákveðin skilaboð. Með því að skiptast á að vera í farþegasætinu gefur hún ákveðin skilaboð um færni, ábyrgð og vald. Foreldrar þurfa að kenna börnum sínum að horfa á umheiminn með gagnrýnu hugarfari. Hvernig eru fyrirmyndir sem þau sjá í kringum sig og í fjölmiðlum, eru þær góðar eða neikvæðar fyrirmyndir? Ekki er óalgengt að sjá pör í bíómyndum þar sem stúlkan er látin vera atkvæðalítil við hlið kærastans innan um annað fólk á meðan hann deilir út visku sinni eða fyndni.

Titlar og starfsheiti

Orðræða er einn liður í því að færa konum meiri virðingu. Þegar verið er að ávarpa fólk eða setja titla fyrir framan nöfn fólks, t.d. herra, frú og fröken, stingur það mitt femíniska hjarta, t.d. fermingarkort þar sem stúlka er titluð fröken en pilturinn herra. Þarna er verið að halda á lofti úreldu viðhorfi til stúlkna þar sem þær verða frúr þegar þær giftast eða þegar þjónn sem er kona er ávörpuð fröken langt fram eftir aldri.

Það var framfaraskref þegar hætt var að tala um kennslukonu, hjúkrunarkonu, afgreiðslukonu og forstöðukonu svo að nokkur dæmi séu tekin. Kennari er vel heppnað starfsheiti sem er karlkynsorð í málfræði og ekkert að því. Ég skil ekki þörfina hjá sumum konum og körlum sem vilja hverfa aftur til fortíðar og tala um skólastýru, jafnréttisstýru, alþingiskonu þar sem kona skipar starfið. Nú er talað um mörg kyn, ekki bara tvö og er það gott mál, málið er lifandi og þarf að endurspegla lífið og tilveruna. Við erum öll menn og því eigum við að halda áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð að taka kyn viðkomandi út úr starfsheiti hans. Tökum dæmi um kennara, við tölum um kennara og að hann hafi sagt eitthvað. Starfsheiti eru karlkyns flest öll og því notum við fornafnið hann þegar við endurtökum okkur um viðkomandi starfsmann. Þessi starfsheiti eru góð og gild og þarf ekki að breyta í nafni jafnréttis kynjanna; þingmaður, skólastjóri, lögreglumaður, flugstjóri, skipstjóri, þjónn, flugþjónn og ræstitæknir. Þeir sem vilja annað, verða þá að vera sjálfum sér samkvæmir og segja t.d. lögreglukarl. ■

Kringlukvóti

Bolli Héðinsson
hagfræðingur.

Segjum nú sem svo að þjóðin væri eigandi verslunarmiðstöðvar á borð við Smáralind. Þar væru reknar verslanir af öllum stærðum og gerðum. Plássin í verslunarmiðstöðinni væru mjög eftirsótt og verslanir í biðröðum eftir að komast að.

Þarna væru stórverslanir sem græddu á tá og fingri og þarna væru minni verslanir, þ.á. m. bókabúð sem sérhæfði sig í sölu á ljóðabókum en afkoma þeirrar verslunar væri slök.

> Er þessu ekki einhvern veginn svona háttað með sjávarútveginn?

Hvernig mundi nú þjóðin, sem eigandi verslunarmiðstöðvarinnar, innheimta leigu af þeim verslunum sem þar væru? Líklega eru flestir sammála um að eðlilegast væri að innheimta sama verð á fermetra. Fyrir stærri verslanirnar yrði það ekki vandamál en bókabúðin ætti í erfiðleikum með að greiða uppsett fermetraverð. Bókabúðin gegnir lykilhlutverki sem menningarmiðstöð og skiptir miklu að hún haldi áfram. Tveir möguleikar eru augljósir í stöðunni, lækka leiguna á fermetra hjá öllum niður í það sem bókabúðin treystir sér til að greiða eða innheimta sömu leigu hjá öllum en nota síðan örlítinn hluta innheimtrar leigu til að styrkja bókabúðina svo hún geti starfað áfram.

Ríkisstjórnin lækkar leiguna

Ef núverandi ríkisstjórnarflokkar fá einhverju ráðið þá yrði leigan lækkuð niður í það sem dugir bókabúðinni. Það þýðir auðvitað stórkostlegt happ fyrir stórverslanirnar sem þurfa þá aðeins að borga málamyndaleigu og ríkið tæki m.a.s. að sér að sjá um ræstingu á verslunarmiðstöðinni.

Er þessu ekki einhvern veginn svona háttað með sjávarútveginn? Reynt er að telja þjóðinni trú um að hún eigi fiskveiðiauðlindina (eins og hún gæti átt verslunarmiðstöðina) en hún megi alls ekki fá þá leigu sem henni ber (fullt gjald) af þessari auðlind. Ríkisstjórnarflokkarnir sjá til þess að stórútgerðin sleppi með tilvísun í „litlu“ útgerðirnar og leigugjaldið er ákvarðað til að tryggja afkomu þeirra sem lakast standa í stað þess að láta alla borga jafnt en hjálpa þeim litlu síðan sérstaklega.

Ljóst er að með þessari aðferð fer eigandi verslunarmiðstöðvarinnar, þjóðin, á mis við verulegar fjárhæðir en eigendur stóru verslananna eru vinir ríkisstjórnarinnar svo þeim finnst þetta í lagi. ■

Frá æfingu landsliðsins í gær.

Generalprufa gegn Íslandi í dag

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í fótbolta leikur í dag við Pólland í Poznan en leikurinn hefst klukkan 16.00 að íslenskum tíma. Um er að ræða síðasta leikinn í þriggja leikja hrinu vináttulandsleikja en liðið laut í lægra haldi fyrir Mexíkó í lok maí og hafði betur, 1-0, gegn Færeyjum á föstudagskvöldið síðastliðið. Þar skoraði Mikael Neville Anderson sitt fyrsta mark fyrir A-landsliðið.

Pólska landsliðið er eitt þrettán Evrópuríkja sem karlalandslið Íslands hefur mætt inni á vellinum en aldrei unnið leik. Þetta verður sjöunda viðureign liðanna.

Ísland og Pólland hafa leitt saman hesta sína sex sinnum en fimm sinnum hafa Pólverjar farið með sigur af hólmi og einu sinni var niðurstaðan jafntefli. Það var í vináttuleik á Laugardalsvelli árið 2001. Andri Sigþórsson skoraði mark íslenska liðsins í þeim leik.

Kolbeinn Sigþórsson og Þórir Jóhann Helgason hafa snúið aftur til félagsliða sinna og taka ekki þátt í þessum leik. Þá er Aron Elís Þrándarson að glíma við meiðsli.

Leikurinn í Poznan er lokaleikur Póllands fyrir lokakeppni Evrópumótsins en þar er pólska liðið í riðli með Spáni, Svíþjóð og Slóvakíu. Fyrsti leikur Póllands er gegn Slóvakíu en sá leikur fer fram í Pétursborg í Rússlandi 14. júní. ■

Algerlega pollróleg á ögurstundum

Rakel Sara Elvarsdóttir er þrátt fyrir að vera 18 ára gömul einn af þeim leikmönnum sem áttu stóran þátt í að Íslandsmeistaratitillinn í handbolta kvenna fór norður yfir heiðar í fyrsta skipti í sögunni um nýliðna helgi.

hjorvaro@frettabladid.is

KA/Þór varð meistari meistaranna, deildarmeistari og Íslandsmeistari á nýafstaðinni leiktíð. MYND/EGILL BJARNI

Mikil gleði braust úr þegar lokaflautan gall í leikslok og titillinn var í höfn.

Það var svo bara hálf Akureyri sem var mætt á flugvöllinn til að taka á móti okkur þegar við lentum fyrir norðan eftir leikinn.

Rakel Sara Elvarsdóttir.

HANDBOLTI KA/Þór varð á sunnudaginn Íslandsmeistari í handbolta kvenna í fyrsta skipti í sögu félagsins eftir sigur á Val í öðrum leik liðanna í úrslitaeinvígi um titilinn í Olís-deild kvenna.

Rakel Sara Elvarsdóttir, sem er 18 ára gömul og leikur í hægra horninu, er þrátt fyrir ungan aldur ein af lykilleikmönnum liðsins og hefur raunar verið það undanfarin þrjú keppnistímabil.

Auk þess að vera í lykilhlutverki hjá nýkrýndum Íslandsmeisturum er Rakel Sara í stóru hlutverki hjá U-19 ára landsliðinu sem er á leið á Evrópumótið í Makedóníu seinna í sumar.

„Þetta var alveg geggjaður dagur frá upphafi til enda. Undirbúningurinn fyrir leikinn á sunnudaginn var bara hefðbundinn, fyrir utan það að KA-heimilið var upptekið vegna yngri flokka móts þannig að við skelltum okkur á Dalvík.

Þar æfðum við við flottar aðstæður, fengum góðan mat eftir æfingu og skelltum okkur svo í pottinn í Hauganesi. Það var bara gott að fá smá uppbrot í undirbúninginn en annars vorum við bara vel stemmdar fyrir leikinn og með mikið sjálfstraust," segir Rakel Sara um leikdaginn.

„Þegar út í leikinn var komið var spennustigið bara gott og við vorum bara einbeittar í að ná í sigurinn sem okkur vantaði. Það var alveg magnað að sjá pakkfullt hólf af stuðningsmönnum okkar þegar við löbbuðum inn á völlinn og það gaf okkur aukakraft.

Stuðningurinn var frábær og það sást vel að þetta þýddi mikið fyrir þá sem standa að okkur alveg eins og okkur. Eins og í liðinu hefur skapast mikil liðsheild milli þeirra sem eru í kringum liðið og það er mjög gott að finna fyrir því," segir hornamaðurinn enn fremur.

Rut hefur kennt mér mikið

Í leikjunum við Val hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með því hvað Rakel Sara er róleg þegar hún fer inn úr horninu á ögurstundum. Rakel Sara segist hafa unnið í því að vera meðvituð um það að vera full sjálfstrausts þegar glufa gefst og hún tekur færin sín úr horninu.

„Bæði Jónatan Magnússon og svo Andri Snær Stefánsson hafa gefið mér mikið traust og ég er ofboðslega þakklát fyrir það. Það hefur hjálpað mér mikið og tilkoma Rutar Jónsdóttur hefur hjálpað mér mjög mikið. Það er mjög þægilegt að spila með henni og hún er yndisleg manneskja sem gefur mikið af sér.

Hún hefur kennt mér mjög mikið á þeim stutta tíma sem hún hefur verið á Akureyri og hún opnar nýjar víddir inni á handboltavellinum. Utan vallar er Rut svo alltaf boðin og búin að gefa góð ráð.

Þó svo að það sé mikill aldursmunur á yngra genginu í liðinu og þeim reynslumiklu þá hefur skapast mikil liðsheild og þetta er bara eitt lið eins og sést vel inni á vellinum," segir hún.

Fékk gæsahúð á flugvellinum

„Það var svo bara hálf Akureyri sem var mætt á flugvöllinn að taka á móti okkur þegar við lentum fyrir norðan eftir leikinn. Ég fékk alveg gæsahúð að sjá þær móttökur.

Þessu var vel fagnað eftir leik en svo er bara nýr dagur og ný verkefni sem taka við," segir Rakel Sara en það er skammt stórra högga á milli hjá henni og fleiri leikmönnum meistaraliðsins.

Rakel Sara var í leikmannahópi 3. flokks sem lék við Hauka í undanúrslitum Íslandsmótsins í gær.

„Ég spila smá í þeim leik en þjálfararnir stýra álaginu vel. Það er bjart fram undan í handboltanum á Akureyri.

Við erum nokkrar ungar sem höfum fengið mikið traust síðustu árin. Anna Þyrí Halldórsdóttir hefur til að mynda spilað frábærlega inni á línunni hjá okkur í vetur," segir Rakel Sara.

Á dögunum framlengdu Rakel Sara, Anna Marý Jónsdóttir, Telma Lísa Elmarsdóttir, Júlía Sóley Björnsdóttir, Hildur Lilja Jónsdóttir og Sunna Katrín Hreinsdóttir en þær eru allar tæplega tvítugar og voru í misstórum hlutverkum í KA/Þórliðinu á nýafstaðinni leiktíð. ■

Íslandsvinurinn Foden verðmætasti leikmaður heims

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Samkvæmt nýrri skýrslu tölfræðifyrirtækisins CIES Football Observatory er Phil Foden verðmætasti knattspyrnumaður heims þessa dagana með markaðsvirði upp á 190 milljónir evra. Englendingar eru áberandi í efstu sætunum en ásamt Foden eru liðsfélagarnir hjá Manchester United, Mason Greenwood og Marcus Rashford næstir á listanum. Hvorki Cristiano Ronaldo né Lionel Messi eru meðal hundrað efstu að þessu sinni.

Við útreikning listans er tekið mið af aldri leikmanns, spilamennsku undanfarinna mánaða, markaðsvirði félags leikmannsins og verðbólgu til að finna markaðsvirði leikmanns. Listinn er reglulega uppfærður og var Rashford verðmætasti leikmaður heims í byrjun árs en er nú búinn að missa Íslandsvinina Foden og Greenwood fram úr sér. Þeir tveir voru reknir úr landsliðshóp Englands á síðasta ári eftir að hafa brotið sóttvarnarreglur eftir leik Íslands og Englands á Laugardalsvelli.

Þrír af fimm efstu á lista CIES leika með Manchester United.

Foden var valinn besti ungi leikmaður tímabilsins og kom til greina sem leikmaður ársins á Englandi eftir að hafa fest sig í sessi í liði Manchester City sem vann ensku úrvalsdeildina og komst í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Foden, sem kom upp úr unglingastarfi Manchester City, átti stóran þátt í því að koma Manchester City í úrslit Meistaradeildar Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Norðmaðurinn Erling Braut Haaland er í fjórða sæti á listanum, rétt á eftir Marcus Rashford og hársbreidd á undan Bruno Fernandes. Aðrir á listanum yfir tíu verðmætustu leikmenn heims að mati CIES eru þeir Frenkie de Jong, Pedri, Alphonso Davies, Joao Felix og Mason Mount.

Samningsstaða Kylian Mbappé hjá PSG gerir það að verkum að franski landsliðsmaðurinn er í tólfta sæti listans, verðmetinn á 118 milljónir evra. Mbappé, sem er einn eftirsóttasti leikmaður heims, á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum hjá franska félaginu en öll stærstu félög heims fylgjast með framvindu mála hjá frönsku stórstjörnunni. ■

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Þrjár stöður

Forstöðumaður símenntunar og háskólagáttar

Ábyrgð og starfssvið
Fagleg forysta við mótun og uppbyggingu námsframboðs og námskeiða skólans á sviði símenntunar og í annarri menntastarfsemi á framhaldsskólastigi (háskólagátt) og umsjón með framkvæmd. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Helstu verkefni:
- Leiðir uppbyggingu námsframboðs á sviði símenntunar fyrir ólíka markhópa.
- Hefur frumkvæði að þróun og uppbyggingu símenntunar á vegum skólans.
- Á samskipti við aðila innanhúss og utan við mótun námsframboðs og framkvæmd verkefna.
- Mótar nálgun og skipuleggur kynningar og markaðssetningu í samráði við markaðssvið.
- Gerir áætlanir á sviði fjármála fyrir einstök verkefni og námsleiðir.
- Hefur umsjón og eftirlit með framgangi og árangri einstakra verkefna.
- Ber fjárhagslega ábyrgð á verkefnum, innan samþykktrar fjárhagsáætlunar.
- Ræður verktaka í kennslu eftir atvikum og í samráði við rektor, og/eða nýtir fyrirliggjandi námsframboð og kennara skólans í samráði við deildarforseta og rektor.
- Samráð og samstarf við deildarforseta, stoðsvið og rektor eftir því sem við á.

Hæfniskröfur:
- Meistarapróf sem nýtist í viðkomandi starfi.
- Reynsla af þróun, skipulagningu og umsjón námskeiða og/eða námsbrauta.
- Starfsreynsla af framhalds- eða háskólastigi er kostur.
- Leiðtoga- og skipulagsfærni.
- Samskiptahæfni og þjónustulund.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti.

Mannauðsstjóri

Ábyrgð og starfssvið
Fagleg forysta um stefnumörkun, þróun og hönnun ferla, kerfa og mælinga á sviði mannauðsmála er styðja við stefnu skólans og innleiðingu hennar, og ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur skólans á sviði mannauðsmála.

Helstu verkefni:
- Móta mannauðsstefnu með hliðsjón af stefnu skólans í samráði við hagaðila.
- Þróa ferli og kerfi á sviði mannauðsmála sem styðja við innleiðingu stefnu skólans.
- Umsjón með leiðtogaþjálfun stjórnenda, fræðslumálum og móttöku nýliða.
- Þarfagreining, val, kaup og innleiðing á mannauðskerfi.
- Aðkoma að árlegri endurskoðun og framkvæmd jafnlaunavottunar.
- Umsjón með reglubundnum mælingum á viðhorfum starfsfólks.
- Móta frekari leiðir til markvissrar upplýsingamiðlunar til starfsfólks.
- Veita stjórnendum ráðgjöf og stuðning í ákvarðanatöku og framkvæmd á sviði mannauðsmála.
- Eftirlit og eftirfylgni með lykilmælikvörðum á sviði mannauðsmála.
- Stýra ráðningum í samráði við rektor og aðra stjórnendur.

Hæfniskröfur:
- Meistarapróf í mannauðsstjórnun eða sambærilegt.
- Starfsreynsla á sviði mannauðsmála.
- Starfsreynsla úr skólastarfi á háskólastigi er kostur.
- Reynsla af kennslu er kostur.
- Greiningar- og samskiptahæfni.
- Leiðtoga- og skipulagsfærni.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti.

Rannsóknastjóri

Ábyrgð og starfssvið
Innleiðing rannsóknarstefnu skólans og ráðgefandi stuðningur og upplýsingamiðlun um styrkumsóknir til akademískra starfsmanna. Þátttaka í innlendum og erlendum tengslanetum á sviði rannsókna og innri þróunarverkefnum ásamt eftirliti og mælingum á árangri.

Helstu verkefni:
- Vakta og miðla upplýsingum um tækifæri til að sækja um styrki til starfsmanna og nemenda.
- Aðstoða akademíska starfsmenn og nemendur við umsóknir í rannsóknasjóði og fjármögnun rannsóknarverkefna.
- Stuðningur vegna skýrslugerðar og uppgjörs styrktra verkefna, í samstarfi við fjármálasvið.
- Umsjón með námskeiðum í umsóknargerð, fræðilegum skrifum og öðru er tengist rannsóknum.
- Samskipti við vísindasvið HÍ og dómnefndir um framtal starfa og framgangsmál.
- Stuðningur og eftirlit með rannsóknarsetrum skólans.
- Gagnasöfnun, tölfræðivinnsla og upplýsingamiðlun um árangur skólans í rannsóknum.
- Taka saman og miðla upplýsingum um árangur skólans og deilda hans í rannsóknum.
- Umsjón og ábyrgð á rekstri Rannsóknarsjóðs Háskólans á Bifröst.

Hæfniskröfur:
- Meistarapróf, sem nýtist í starfi.
- Doktorspróf er kostur.
- Reynsla af umsóknarskrifum í samkeppnissjóði, innlenda sem erlenda.
- Haldgóð þekking á íslenska rannsóknarumhverfinu.
- Starfsreynsla úr skólastarfi á háskólastigi er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Leiðtoga- og skipulagsfærni.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti.

Umsóknir um störfin
Með umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá, afrit af útskriftarskírteinum ásamt kynningarbréfi.

Nánari upplýsingar: Arney Einarsdóttir, dósent og mannauðsstjóri (mannaudsstjori@bifrost.is) og í síma 433-3004 og Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor (rektor@bifrost.is).
Starfsstöðvar Háskólans á Bifröst eru á Bifröst og í Reykjavík.

Háskólinn á Bifröst vinnur samkvæmt jafnréttisáætlun skólans og hvetur alla óháð kyni til að sækja um.

Sjá nánari upplýsingar undir laus störf á **bifrost.is**

bifrost.is Umsóknarfrestur er til og með 20. júní

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Samúelsson

Sólheimum 23,

lést laugardaginn 29. maí á hjartadeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Áskirkju í Reykjavík fimmtudaginn 10. júní klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Landsbjörg.

Edda Ögmundsdóttir,
börn, tengdabarn, barnabörn og barnabarnabarn.

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jónas Jónasson

Ánahlíð 6, Borgarnesi,

lést á dvalarheimilinu Brákarhlíð, 24. maí í faðmi fjölskyldunnar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og sérstakar þakkir fær starfsfólk Brákarhlíðar.

Erla Theodórsdóttir
Dóra Kristín Jónasdóttir — **Guðsteinn Oddsson**
Jónas Jónasson — **Jóna Gunnarsdóttir**
Sveinn Ingvar Jónasson
Sigurbjörg Jónasdóttir
Kristrún Linda Jónasdóttir — **Hörður Ingi Ragnarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragna Ólafsdóttir

lést á heimili sínu laugardaginn 29. maí.

Ólafur Einarsson — **Jenný Davíðsdóttir**
Böðvar Ólafsson — **Katarzyna Anna Kapitan**
Ragna Ólafsdóttir — **Geir Garðarsson**
Dagný Fjóla Ómarsdóttir — **Jón Sverrisson**
og barnabörn.

Skrifstofa Foldar fasteignasölu

er lokuð frá hádegi **miðvikudaginn 9. júní** vegna útfarar Sigríðar Friðrikku Jónsdóttur.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson — Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Guðrún Esther með kálfana, sem eru hinir pattaralegustu og allir rauðskjöldóttir eins og móðirin. MYNDIR/AÐSENDAR

Þríkelfingar fæddust í Dölunum

Þrír kálfar úr sömu kúnni komu í heiminn í Miðskógi í Dalabyggð fyrir viku. Samkvæmt íslenskri rannsókn gerist slíkt í 20.000. hverjum burði að meðaltali.

gun@frettabladid.is

„Kálfarnir eru hinir bröttustu. Þeir byrjuðu á að fá broddmjólkina úr pelum en nú eru þeir farnir að drekka úr fötum," segir Guðrún Esther Jónsdóttir um litlu þríkelfingana sem eru vikugamlir í dag. Guðrún Esther býr í Miðskógi í Dalabyggð með manni sínum, Skúla Guðbjörnssyni. „Við sáum að kýrin Mjöll var að kenna sín en fundum að kálfinn bar öfugt að svo við hringdum í dýralækninn okkar. Hann var lasinn en Hjalti Viðarsson kom frá Stykkishólmi. Honum fannst allt eitthvað skrítið og dró kálfinn öfugan út. Það var naut. Svo náði hann í næsta kálf, sem var kvíga, hún sneri rétt. Hjalti vildi athuga kúna betur og ég hélt hann væri að ljúga að mér þegar hann sagði að þriðji kálfurinn væri þarna. En þriðja kálfinn dró hann út, naut sem sneri öfugt líka."

Móðirin Mjöll er í eigu skáömmubarns hjónanna, sem nefndi hana eftir sínu höfði.

> „Ég hélt hann væri að ljúga að mér þegar hann sagði að þriðji kálfurinn væri þarna. En þriðja kálfinn dró hann út, naut sem sneri öfugt líka.

Guðrún Esther segir kálfana frekar smáa, þó engar píslir. „Kýrin var ekki komin á tal, átti ekki að bera fyrr en 20. en það var heppni að hún gekk ekki lengur með," segir hún. Nú hafa kálfarnir sér stíu en mamman þurfti að hressa sig svolítið og fara út, að sögn Guðrúnar Estherar. „Hún var spræk fyrstu tvo dagana, aðeins dösuð á þriðja degi en nú er hún á röltinu." Mjöll er fjögurra vetra og þetta er annar burðurinn hennar. E–n býst hún vel til? „Já, það er heilmikil mjólk í henni. Hún er komin í 15-18 kíló."

Þetta eru nú meiri krúttin!

Miðskógur er í Mið-Dölum og Guðrún Esther segir hana ágætisjörð. „Við höfum búið hér í sex ár, komum frá Akranesi en ég er ættuð úr Dalasýslu og Skúli úr Húnaþingi vestra." Hún segir þau vera með um 50 mjólkandi kýr sem séu úti á daginn nema ef sólin er of mikil þá séu þær úti í nóttunni. ■

†

Elskuleg móðir mín,

Ragnheiður Jónsdóttir

frá Deildartungu,
Birkigrund 63, Kópavogi,

sem lést 11. desember sl., verður jarðsungin frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 10. júní kl. 15.
Öll velkomin, streymt er frá athöfninni á https://hljodx.is/index.php/streymi

Björn Friðgeir Björnsson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Vilhjálmur Óskarsson

Lundi 5, Kópavogi,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 2. júní.

Elínborg Proppé
Þórey Vilhjálmsdóttir Proppé — **Magnús Orri M. Schram**
Gunnar Þór Vilhjálmsson
Villi, Mía og Ragnheiður

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 8. júní 2021

Hengirúm umvefja þá sem hvíla í þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vagga guðanna

thordisg@frettabladid.is

Íslenskt sumar er tími letilífs í hengirúmum undir hvíslandi laufskrúði. Víða annars staðar spara þau tíma, pláss og peninga.

Það var haustið 1492 sem landkönnuðurinn Kristófer Kólumbus var staddur á Bahamaeyjum. Þar sagðist hann hafa séð „fólk sofa í netum sem strengd væru á milli trjáa“. Kristófer hafði hengirúm með sér til Evrópu þar sem sjómenn tóku þeim fagnandi því loks gátu þeir sofið vært í vaggandi hengirúmum í stað þess að kúldrast á blautu, hörðu og skítugu þilfarinu. Hengirúm voru næstu aldir notuð af enska, spænska og bandaríska sjóhernum, í báðum heimsstyrjöldunum og Víetnamstríðinu. Þau komu í veg fyrir að sjófarendur yltu úr rúmum sínum í miklum sjógangi, spöruðu pláss og hreyfðust í takt við skipið.

Blundað dýpra í vöggu guða

Uppruni hengirúma er í Suður-Ameríku. Þau voru ofin úr berki „hamaca“-trjáa, þaðan sem heitið „hammock“ er sprottið, og innfæddir kölluðu hengirúm „vöggu guðanna“. Þau veittu einnig vörn fyrir skordýrabiti og hættulegum dýrabitum. Í dag standa þau fyrir slökun og vellíðan, og hægt að nota þau bæði inni og úti til gleði og yndisauka. Svo segja sumir að maður sofni dýpra í vöggu guðanna.

Max Hydrate freyðitöflur

Þrjár tegundir af Max Hydrate, fyrir þá sem vilja betra vökvajafnvægi orku og úthald.

Fæst í flestum apótekum og stórmörkuðum

Sunnar Karen og maður hennar, Trausti, keyptu fyrstu íbúðina í fyrrasumar. Þau þurftu að bíða í fimm mánuði eftir afhendingu og síðan fóru fjórir mánuðir í endurbætur. Núna horfa þau til sumarsins með tilhlökkun enda nánast allt búið sem þau ætluðu að gera að sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fundu draumaeignina í Mosfellsbæ

Sunna Karen Ingvarsdóttir og Trausti Sigurðsson keyptu sína fyrstu íbúð í fyrrasumar. Þau vildu búa í Mosfellsbæ en það var ekki hlaupið að því að fá íbúð, allar seldust um leið og þær komu á sölu og voru oftast yfirborgaðar. Loksins fundu þau eign sem þau féllu fyrir. 2

Elín Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Sunna Karen og Trausti fundu loksins draumaeignina eftir sex mánaða leit og voru svo heppin að tilboði þeirra var tekið. „Það var ekki mikið framboð og slegist um hverja eign sem kom á sölu," segir hún. Þau þurftu að bíða í fimm mánuði eftir afhendingu og þá tóku við fjórir mánuðir í endurbætur. „Íbúðin er í 20 ára gömlu húsi í Lágafellshverfinu í Mosfellsbæ. Sumt var komið á tíma auk þess sem við vildum gera heimilið eftir okkar smekk," segir Sunna. „Við máluðum alla íbúðina, skiptum um gólfefni og tókum baðherbergið alveg í gegn. Ég er svo heppin að pabbi er múrari og gat hjálpað okkur með alla flísalögn. Þar gátum við sparað mikinn kostnað," segir hún. Þau fluttu inn um páskana.

Íbúðin varð bjartari

Sunna og Trausti eiga tvö börn, Ásgeir Jarl, 7 ára, og Helenu Ósk, sem er tíu mánaða. Sunna er í fæðingarorlofi og hefur notað tímann til að gera herbergin þeirra falleg. „Það var bara eitt barnaherbergi í íbúðinni þannig að við tókum hluta af stofu til að gera annað. Börnin fá því hvort sitt herbergið," segir hún. Á gólfum íbúðarinnar voru dökkar náttúruflísar en þau ákváðu að setja ljóst eikarparket yfir sem er þægilegra þar sem lítil börn eru. „Það birti mikið til í íbúðinni við það eitt að skipta um gólfefni. Við máluðum síðan eldhúsinnréttinguna en við verðum að bíða í nokkur ár til að skipta henni út. Vildum láta baðherbergið vera í forgangi en það var heilmikil framkvæmd."

Sunna segir að það hafi verið ákveðinn höfuðverkur að finna rétta litinn á íbúðina. Þau enduðu með að mála með lit sem heitir Sand. Sonurinn fékk að ráða sínu herbergi og valdi blátt. „Ég var mjög spennt að gera barnaherbergin falleg en þau eru sérstök í laginu, frekar þríhyrnd en kassalaga. Ég þurfti því aðeins að klóra mér í hausnum hvernig best væri að raða inn í þau til að nýta plássið sem best. Við prófuðum nokkrar útgáfur áður en við hittum á þá réttu. Held að það hafi bara tekist vel til," segir Sunna. „Sonurinn er mikill Liverpool-aðdáandi og herbergið ber þess merki. Ég keypti fataskáp fyrir hann, skrifborð og hillu. Sú litla fékk bara kommóðu en það voru engir skápar í herbergjunum. Nú á ég bara eftir að kaupa ljós og gluggatjöld. Það verður vonandi bráðlega," segir hún.

Falleg bleik himnasæng með blómaborða skreytir barnarúmið. „Ég var búin að hugsa mikið um það hvernig væri hægt að poppa upp herbergið hjá henni. Þá fann ég þessa blómalengju í Ikea og mamma saumaði hana á himnasængina. Síðan fann ég kassa í geymslu með fullt af dóti síðan ég var lítil og það kom að góðum notum núna."



Sonurinn Ásgeir Jarl sem er 7 ára er mikill aðdáandi Liverpool eins og sjá má.

Herbergi heimasætunnar, sem er aðeins tíu mánaða, er stelpulegt og fallegt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hillurnar sem Ásgeir fékk í herbergið sitt eru léttar og skemmtilegar.

Takið eftir blómahringnum sem móðir Sunnu saumaði á himnasængina sem er yfir barnarúminu fallega bleik.

Falleg uppröðun hjá þeirri litlu. Litlir hlutir skipta máli.

Sunna Karen hefur greinilega gaman af því að nostra við litlu hlutina.

> **Við erum ótrúlega ánægð með hvernig til hefur tekist þótt þetta hafi verið mikil vinna meðan á henni stóð. Eins og alltaf eru framkvæmdir kostnaðarsamar en við reyndum að gera sem mest sjálf og fengum góða hjálp.**
>
> Sunna Karen.

Barnvænt hverfi

Hverfið er mjög barnvænt, að sögn Sunnu, auk þess sem það er stutt fyrir hana í vinnuna. Hún er íþróttafræðingur og starfar með sjúkraþjálfurum á Reykjalundi. Hjónin bjuggu áður í kjallara hjá foreldrum hennar í Árbæ en Sunna segir að það sé mikils virði að búa skammt frá skóla og vinnu. Það sparar akstur í þungri umferð. Sonurinn æfir badminton eins og móðir hans en hyggst fara í fótbolta hjá Aftureldingu þegar hann verður örlítið eldri. Skólalóðin er notuð fyrir fótbolta þangað til. Íbúðin er við hliðina á Lágafellsskóla sem er mjög hentugt. Þá er bæði sundlaug og leikskóli stutt frá. „Sömuleiðis er golfvöllur hér skammt frá og það var ekki síst hans vegna sem við féllum fyrir þessu hverfi. Ég sé fyrir mér að við séum komin á framtíðarstað með allt til alls. Undanfarnir mánuðir hafa verið annasamir við framkvæmdir en ég vonast til að við getum slakað á í sumar," segir Sunna Karen en hún á að byrja aftur að vinna í september.

Fengu góða hjálp

„Við vorum svo ákveðin að finna íbúð í þessu hverfi að ég skráði soninn í sex ára bekk í Lágafellsskóla. Síðan keyrði ég hann og sótti á hverjum degi úr Árbæ. Ég tel okkur vera heppin að hafa fundið þessa íbúð en það kom kannski á óvart hversu flókið og langt svona ferli er. Við erum ótrúlega ánægð með hvernig til hefur tekist þótt þetta hafi verið mikil vinna meðan á henni stóð. Eins og alltaf eru framkvæmdir kostnaðarsamar en við reyndum að gera sem mest sjálf og fengum góða hjálp," segir Sunna Karen. ■

Baðherbergið leit svona út þegar þau fengu íbúðina og ákváðu að byrja á því að taka það í gegn.

Fallegar flísar einkenna nýja baðherbergið og á gólfinu eru Versace flísar. Mikil breyting frá því sem var.

Smáhlutirnir eiga sér líka stað á baðherberginu. Þeir lífga sannarlega upp umhvefið. MYND/AÐSEND

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Bílablaðið

ÞRIÐJUDAGUR 8. júní 2021 FRÉTTABLAÐIÐ

Bíll ársins 2021 er VW ID.4

MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Á hverju ári hittist hópur sem kallar sig Bandalag íslenskra bílablaðamanna og velur bíl ársins úr þeim bílum sem komið hafa nýir frá síðasta vali. Tæp tvö ár eru síðan að valið fór síðast fram, en gert var hlé á valinu í fyrra vegna heimsfaraldursins. Sigurvegarinn í ár kemur úr smiðju Volkswagen en þrír efstu bílarnir í valinu koma frá VW samsteypunni. 4

Hilmar Lúthersson er mörgum kunnur en sýning á verkum hans er á Mótorhjólasafni Íslands í sumar. 10

Skoda Enyaq er enn ein snilldin frá Skoda en hann er á sama MEB-undirvagni og systurbíllinn VW ID.4. 6

Opel Mokka er bragðgóð blanda frá þýska bílaframleiðandanum en hér er á ferðinni rafútgáfa hans. 8

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

MAX1 BÍLAVAKTIN EXIDE TECHNOLOGIES

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

REKSTRARLAND olís

Ford Mustang Mach E rafbíllinn seldist í 1.384 eintökum í maímánuði í Noregi.

Stóru bílaframleiðendurnir höggva í sölu Tesla í Noregi

Viðmiðunarland framleiðenda þegar kemur að rafbílum er Noregur en þar í landi seljast þeir betur heldur en bílar búnir brunahreyflum.

njall@frettabladid.is

Með tilkomu vinsælla og hagkvæmra rafbíla frá stóru bílaframleiðendunum á undanförnum mánuðum hefur það gerst að Tesla hefur fallið niður lista yfir mest seldu rafdrifnu ökutækin í Noregi.

Í apríl var það Volkswagen ID.4 sem var söluhæsti rafbíllinn hjá nágrönnum okkar en sá sem hirti toppsætið í maí er Ford Mustang Mach E en hann er nýkominn á markað. Alls seldust 1.384 eintök af bílnum í maí, sem er 9,8% allra seldra bíla í Noregi í mánuðinum.

Vert er að taka fram í þessu samhengi að hreinir rafbílar eru 60% seldra bíla í maímánuði og ef tengiltvinnbílum er bætt við fer prósentan upp í 83,3%. Tesla Model 3 fellur niður í fimmta sæti með 504 selda bíla en fyrir ofan hann eru systurbílarnir Skoda Enyaq með 795 eintök og VW ID.4 með 774, og svo Volvo XC40 P8 Recharge með 563 selda bíla.

» Í apríl var það VW ID.4 sem var söluhæsti rafbíllinn.

Þess ber að geta að stórar sendingar rafbíla hafa haft áhrif á markaðinn á síðustu misserum en þessar tölur gefa samt ákveðna vísbendingu um að forskot Tesla á þessum markaði sé að dvína. ■

Topp tíu-sala rafbíla í maí

Ford Mustang Mach-E 1.384

Skoda Enyaq iV 795

Volkswagen ID.4 774

Volvo XC40 P8 Recharge 563

Tesla Model 3 504

Mercedees-Benz EQC 492

Audi e-tron 447

Nissan Leaf 285

Polestar 2 280

MG ZS EV 195

BMW iX vekur athygli fyrir stórt nýrnagrill sem í raun er óþarfi í rafbíl.

BMW iX kemur í október til landsins

Von er á nýjasta rafbíl BMW í október til landsins, sem er mánuði áður en hann kemur til Bretlands til að mynda. BMW hefur gefið út fullkomna tæknilýsingu yfir bílinn en einnig er kominn íslenskur verðlisti en iX mun kosta frá 10.990.000 kr. hér á landi.

njall@frettabladid.is

Nýi bíllinn er búinn fimmtu kynslóð eDrive rafmótora sem taka minna pláss en áður um leið og þeir skila meira afli. Tvær útgáfur verða í boði til að byrja með ásamt tveimur rafhlöðum. Grunngerðin er iX xDrive40 sem er með fjórhjóladrifi og aflið 322 hestöfl með 630 Nm togi. Hröðunin er 6,1 sekúnda í hundraðið sem er gott fyrir grunnútgáfu. Rafhlaðan er 71 kWst og er drægi hennar 415 km, en hægt er að hlaða hana á hálftíma í 80% hleðslu í 150 kW hleðslustöð. Í iX xDrive 50 er 105,2 kWst rafhlaða með 610 km drægi, svo að hann hefur aðeins meira drægi en Tesla Model X Long Range sem hann keppir við. Öflugasta útgáfan er með 516 hestöfl og 765 Nm tog til að spila úr og það þýðir að bíllinn kemst í hundraðið á aðeins 4,6 sekúndum. Von er á M60 útgáfu á næsta ári sem á að vera vel yfir 600 hestöfl.

» Öflugasta útgáfan er með 516 hestöfl og 765 Nm tog til að spila úr og það þýðir að bíllinn kemst í hundraðið á aðeins 4,6 sekúndum.

Meðal staðalbúnaðar verður Harman Kardon hljómkerfi og stafrænt lyklaaðgengi gegnum snjallsíma í öllum útgáfum hans en dýrari útgáfur fá fjórhjólastýringu. Að sögn tæknimanna BMW er vinnslugeta tölvubúnaðar iX-bílsins 20 sinnum hraðvirkari en áður hefur sést í framleiðslubíl og ekki veitir af þegar horft er til tæknibúnaðar bílsins. Líkt og í BMW i4 eru tveir skjáir, annar 12,3 tommur en hinn 14,9 tommur fyrir miðju. Að sögn Guðmundar Inga Gústavssonar hjá BL er von á fyrstu bílunum í október og verða báðar útgáfur hans til reynsluaksturs. Dýrari 50 Launch Edition-útgáfan kostar 15.990.000 kr. og verður meðal annars boðinn með opnanlegu glerþaki og laserljósum. ■

Harley-Davidson með nýtt rafhjól

njall@frettabladid.is

Harley-Davidson mótorhjólarisinn er með nýtt rafhjól á prjónunum sem frumsýna á í næsta mánuði. Hjólið verður hluti af nýju merki fyrirtækisins fyrir rafhjól en það kallast LiveWire og var tilkynnt um það í síðasta mánuði.

» Hjólið verður hluti af nýju merki sem kallast LiveWire.

Nýja hjólið verður frumsýnt á mótorhjólasýningu þann 8. júlí og er hugsanlega með FlatTrack-hönnun ef marka má hönnunarmyndir frá fyrirtækinu. Stóra LiveWire hjólið hefur selst í 30.000 eintökum og er mest selda rafdrifna mótorhjólið í Bandaríkjunum, þrátt fyrir hátt verð. Það sem Harley-Davidson þarf á að halda er einfalt og ódýrara hjól fyrir yngri kaupendur og FlatTrack-hjólið gæti einmitt höfðað til þeirra. ■

Líklega er nýja LiveWire rafhjólið með þessu FlatTrack- útliti, en eins og sjá má af númeraplötu er það hugsað fyrir götuakstur.

Sexhyrnt stýrishjól og bogadregið mælaborð með tveimur upplýsingaskjáum verður í bílnum, annar 12,3 tommur og hinn 14,9 tommur.

RAFMAGNAÐUR

ENYAQ iV

412 til 536 km drægni (WLTP)

ŠKODA

FRAMSÆKINN OG VISTVÆNN FERÐAFÉLAGI

Skoda Enyaq er afskaplega rúmgóður og með stórt skott. Hin fjölmörgu geymsluhólf og faglegur frágangur heilla en umhverfisvæna áklæðið setur punktinn yfir i-ið. Skoda Enyaq iV er með úrval snjalllausna sem auðvelt er að stjórna. Hann er næmur, framsækinn, nýjungagjarn og reiðubúinn í nýtt ferðalag með þér. Skoda Enyaq iV er í boði með tveimur stærðum af rafhlöðu, hiti í stýri er staðalbúnaður ásamt undirbúningi fyrir dráttarbeisli en dráttargetan er 1.000 kg. Komdu í heimsókn og prófaðu. Sjáumst hress!

Verð frá **5.790.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Veldu þinn Enyaq á **www.hekla.is/skodasalur**

Fylgdu okkur! @skoda

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

www.skoda.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Það var rafbíllinn Volkswagen ID.4 sem hlaut titilinn Bíll ársins 2021 eftir nokkra bið. Er það annað skiptið í röð sem hreinn rafbíll sigrar og meira en helmingur bílanna í lokavalinu voru 100% rafbílar. Eini bíllinn sem ekki var rafmagnaður vann þó jeppaflokkinn en það var nýr Defender sem hélt uppi heiðri brunahreyfilsins.

Jóhann Ingi Magnússon, vörumerkjastjóri Heklu, tekur við Stálstýrinu úr hendi Finns Thorlacius, formanns BÍBB.
MYND/HAFSTEINN

Bíll ársins er nú aftur valinn eftir tuttugu mánaða hlé, en vegna heimsfaraldursins var ákveðið að fresta valinu í fyrra fram til vorsins 2021.

Úrslitin í vali á Bíl ársins 2021 eru nú ljós en að þessu sinni var það rafbíllinn Volkswagen ID.4 sem bar sigur úr býtum. Sigraði hann nokkuð örugglega með 838 stigum en næstur kom systurbíllinn Skoda Enyaq með 787 stig. Athygli vekur að í fjórum e–fstu sætunum eru rafbílar en í 4.-5. sæti er jeppinn Land Rover Defender, sem er eini bíllinn í valinu sem ekki er að einhverju leyti rafmagnaður.

Sjö bílar í lokavalinu voru hreinir rafbílar svo að rafmagnið er að taka yfir, ef svo má segja.

Flokkur hinna stærri

Jeppaflokkurinn er eini flokkurinn þar sem að enginn bíll er 100% rafmagnaður. Guðjón Guðmundsson hjá Viðskiptablaðinu er hrifinn af nýjum Land Rover Defender. „Með fullkominni virðingu fyrir sögunni verður að segjast að nýr Defender býr auðvitað yfir mun meiri þokka og er satt best að segja einhver flottasta jeppayfirbyggingin á markaðinum í dag. Hann öskrar á mann að keyra sig og keyra sig út!“

Kristinn Ásgeirsson hjá visir.is tekur í sama streng. „Land Rover Defender er að innan eins og Suzuki Jimny á sterum. Afbragðs þróun og greinilegt að Defender hefur heimsótt siðmenninguna aðeins. Er að öðru leyti mjög reffilegur og fær í flestan sjó, næstum bókstaflega.“ Um Ford Explorer PHEV hafði Finnur Thorlacius þetta að segja: „Þvílíkur orkubolti, mikið pláss og ágætt verð og svo er líka hörkugaman að keyra hann.“

Aksturseiginleikar Opel Corsa e

Í flokki smærri fólksbíla kepptu tveir rafbílar og tvinnbíllinn Toyota Yaris sem nýlega vann titilinn Bíll ársins í Evrópu. Hann varð í öðru sæti í flokknum en Opel Corsa e sigraði með öruggu forskoti og hrósuðu honum margir fyrir skemmtilega aksturseiginleika. Að mati Kristins Ásgeirssonar hjá visir.is er Opel Corsa e skemmtilegur og góður bíll. „Hann býr yfir drægi sem dugar allflestum og það er skemmtilegt að keyra hann.“

Jóhannesi Reykdal hjá Bilablogg.is fannst skemmtileg keppni í flokki smábíla. „Það kemur enn á óvart hversu bæði Opel Corsa e og Toyota Yaris eru góðir valkostir í þessum flokki, en Honda-e líður fyrir það að komast stutt á einni hleðslu.“

Að mati Finns Thorlacius hjá sjónvarpsþættinum Bílalífi er Honda e virkilega skemmtilega hannaður krúttbolti en líður fyrir drægi. Fleirum þótti vert að minnast á Honda e eins og Róbert Róbertssyni hjá Viðskiptablaðinu, en hann hafði þetta að segja um Honda e. „Honda e sker sig úr fjöldanum, sérstaklega fyrir útlitið sem er afar sérstakt en retró og flott í mínum huga. Bíllinn er ótrúlega lipur og auðvelt að leggja honum í stæði og taka á honum alls kyns snúninga.“ Björn Kristjánsson hjá FÍB-blaðinu nefnir að Toyota Yaris sé skemmtilegur akstursbíll með verðmiða stærri bíls.

Spennandi keppni

Keppnin var spennandi í flokki stærri fjölskyldubíla og aðeins munaði fjórum stigum á Volkswagen ID.3 og Opel Mokka-e. Malín Brand hefur skrifað undanförnu fyrir Bilablogg.is og hafði þetta að segja um Mokka-e. „Opel Mokka er skemmtilega hannaður rafbíll sem fæst í frábærum litum, eins og þessum græna. Vænn og grænn!“ Henni þótti líka mjög varið í nýjasta merkið í valinu en það er MG EHS PHEV tengiltvinnbíllinn „MG EHS PHEV er bíll með mjög marga stafi í nafni sínu, marga kosti, á hagstæðu verði og afar vel búinn.“

Björn Kristjánsson hjá FÍB blaðinu tiltók MG jepplinginn sérstaklega. „MG kemur sterkur inn á íslenskan markað með vel útbúinn bíl með einstaklega þýðgenga vél.“ Líkt og í flokki minni jeppa og jepplinga var nokkur munur á systurbílunum VW ID.4 og Enyaq annar vegar og Opel Mokka og Peugeot e-2008 hins vegar. Sýnir það að þótt að bílarnir séu byggðir á sama grunni skiptir alltaf máli hvernig lokaútkoman verður.

Með karakter og flott útlit

Sigur Volkswagen ID.4 þurfti svo sem ekki að koma á óvart enda stutt síðan að hann hlaut hin virtu verðlaun Heimsbíll ársins 2021. Guðjón Guðmundsson hjá Viðskiptablaðinu hrósar VD ID.4 fyrir rými. „Hann kemur á óvart fyrir mikið rými, hreint ágæta aksturseiginleika og útlitslega er hann einn fallegustu rafbílanna í stærðarflokknum.“ Samstarfsmaður hans, Róbert Róbertsson, er sammála. „ID.4 er nútímalegur og töff hannaður að innan sem utan. Hann er einnig með mjög góða aksturseiginleika. Volkswagen hefur tekist vel til með þessum nýja bíl sem er sannkallað hæfileikabúnt.“

Bílablaðamaður Fréttablaðsins er sammála þeim kumpánum enda varð ID.4 efstur í hans vali. Þegar kom að því að velja á milli VW.ID.4 og Skoda Enyaq sem báðir hafa svo mikið til brunns að bera var það karakter og útlit ID.4 sem gerði gæfumuninn, sagði Njáll Gunnlaugsson. ■

Bíll ársins 2021

VW ID.4 sigraði með nokkrum yfirburðum

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

» Hann kemur á óvart fyrir mikið rými, hreint ágæta aksturseiginleika og útlitslega er hann einn fallegustu rafbílanna í stærðarflokknum.

Minni fólksbílar	
1. sæti: Opel Corsa e	768 stig
2. sæti: Toyota Yaris	719 stig
3. sæti: Honda e 7	716 stig
Stærri fólksbílar	
1. sæti: VW ID.3	780 stig
2. sæti: Opel Mokka-e	776 stig
3. sæti: Peugeot e-2008	744 stig
Minni jeppar og jepplingar	
1. sæti: VW ID.4	838 stig
2. sæti: Skoda Enyaq	787 stig
3. sæti: MG EHS PHEV	761 stig
Stærri jeppar og jepplingar	
1. sæti: Land Rover Defender	776 stig
2. sæti: Kia Sorento PHEV	761 stig
3. sæti: Ford Explorer PHEV	733 stig

Allir bílarnir í flokki stærri fólksbíla voru rafbílar og bar þar VW ID.3 sigur úr býtum en systurbílarnir Opel Mokka og Peugeot e-2008 komu næstir.

Tveir stigahæstu bílarnir komu úr flokki minni jeppa og jepplinga en þar sigraði VW ID.4 örugglega á undan Skoda Enyaq og MG EHS PHEV.

Land Rover Defender var eini órafmagnaði bíllinn í valinu og sigraði flokk stærri jeppa og jepplinga en tengiltvinnbílarnir Kia Sorento og Ford Explorer fylgdu í kjölfarið.

Sigurinn í flokki minni fólksbíla fór til Opel Corsa e en annar varð Toyota Yaris, en Honda e varð þriðji.

Í verðlaunahófinu var elsti meðlimur BÍBB, Sigurður Hreiðar, heiðraður sérstaklega en í ár eru liðin sextíu ár síðan að hann hóf skrif um bíla.

NÝ MOKKA–E – 100% RAFBÍLL

SPENNAN LOSNAR

Opel hefur verið í fararbroddi í þróun rafbílatækninnar. Nú þegar hafa átta rafbílar og 3 hybrid bílar litið dagsins ljós hjá fyrirtækinu. Mikið vill meira og nú er það Opel Mokka-E. Hann endurspeglar enn eitt risaskrefið sem fyrirtækið stígur í átt að heilnæmum og grænum heimi.

Komdu í Opel salinn og taktu snúning á græna risaskrefinu frá Opel.

Verð frá aðeins **4.590.000 kr.**

Langtímaleiga
Allt innifalið nema rafmagn!
Verð frá aðeins **97.600 kr.** á mánuði*

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bíll á mynd er með aukabúnaði. *Miðað við 36 mánuði og 18.000 km. á ári.

OPEL

Opel Mokka-E – 100% rafmagn. 324 km. drægni. 136 hestöfl. 30 mín að hlaða upp í 80% með hraðhleðslu. Fimm ára ábyrgð.

BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR OPEL

benni.is

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Ib bílar
Selfoss
Fossnes A
Sími: 480 8080

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Skoda Enyaq iV80

KOSTIR
- Rými
- Lipurð
- Drægi

GALLAR
- Verð aukabúnaðar
- Notkun miðstöðvar

Grunnverð: 5.790.000 kr.
Hestöfl: 204
Tog: 310 Nm
Hröðun 0-100 km: 8,5 sek.

Hámarkshraði: 160 km
Rafhlaða: 77 kWst
Eigin þyngd: 2.090 kg
Drægi: 536 km

Hleðslutími 50kW: 1 klst. 10 mín.
L/B/H: 4.649/1.879/1.616 mm
Hjólhaf: 2.770 mm
Farangursrými: 585 lítrar

Skoda Enyaq rafbíllinn er umhverfisvænn kostur með umtalsvert drægi. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Enn ein snilldin frá Skoda

Skoda er nú kominn með sinn fyrsta rafbíl á markað og óhætt er að segja að tékkneska framleiðandanum hafi tekist vel upp. Bíllinn er byggður á hugmyndabílnum Vision E sem kom fyrst fram á sjónarsviðið 2017. Hann er líkt og VW ID.4 byggður á MEB undirvagninum.

Það kemur ekki á óvart að helstu tækniupplýsingar eru þær sömu og í VW ID.4 eins og afl bílsins, en hestöflin eru 204 og togið 310 Nm. Eigin þyngd bílsins er 2.090 kg svo hann er örlítið léttari en ID.4 en engin léttavara samt. Hröðunin er líka sú sama, eða 8,5 sekúndur í hundraðið, en skilar sér með mýkri hætti en í ID.4 og virðist hafa verið fyrirfram ákveðin hjá tæknimönnum Skoda. Það sama má segja um endurhlöðun hemlakerfis, sem er mýkri en maður á oft að venjast. Að vísu má auka viðnámið með flipum við stýri en niðurhröðun bílsins er samt ekki eins mikil og í sumum rafbílum.

Annað sem kemur á óvart við akstur bílsins er hversu vel hann leggur á, enda engin vél eða driflína að flækjast fyrir framan í bílnum. Það var hreint ótrúlegt hvað var hægt að snúa bílnum við þröngar aðstæður eins og sjá má á myndum með greininni. Það sem þarf þó að passa við slíkar aðstæður er að leggja ekki of mikið á stýrið ef ekið er greitt við þröngar aðstæður því þá er hætt við undirstýringu. Að öðru leyti er bíllinn hrekklaus að keyra, er hljóðlátur og leggst vel í beygjur, þökk sé stórum og gripmiklum dekkjum og vel uppsettum stýrisbúnaði.

Rúmgóður í öllum rýmum

Það sem aðgreinir bílinn frá ID.4 er hönnun innanrýmis sem er einfaldari, en um leið praktískari en hjá þýska systurbílnum. Fyrir það fyrsta er farangursrýmið 42 lítrum stærra, eða heilir 585 lítrar sem er vel í lagt.

Þótt báðir bílarnir séu rúmgóðir virkar Enyaq aðeins rúmbetri enda er mælaborðið fyrirferðarminna fyrir utan stóran 13 tommu upplýsingaskjáinn. Skjárinn er fljótvirkur og auðlæsilegur en erfiðara er að nota miðstöðina eða hljóðstyrkinn gegnum hann. Sem betur fer má nota skruntakka á stýrinu til þess arna. Miðjustokkur tekur sitt pláss en hann er vel hannaður og þægilegur í notkun og gott að hvíla hægri olnbogann á loki geymsluhólfsins.

Skoda Enyaq er 70 mm lengri en VW ID.4 svo að hann er aðeins rúmbetri aftur í og það má með góðri samvisku segja að vel fari um þrjá fullorðna í aftursætum.

Aðgengi er með besta móti og líka í farangursrými en rafdrifin opnun fæst ekki fyrr en í dýrustu útgáfu.

Þarf að eyða í aukahluti

En við hvaða bíla keppir Enyaq fyrir utan systurbílinn? Sem betur fer er nú hægt að fara að bera saman rafbíla af svipaðri stærð og einnig telja upp bíla sem stutt er í, eins og Nissan Ariya, sem sannarlega mun keppa við þennan bíl.

Einnig má nefna Ford Mustang Mach-E sem nýkominn er til landsins, en grunnverð hans er 6.890.000 kr. í nokkuð vel búnum bíl. Skoda Enyaq kostar frá 5.790.000 kr. með 58 kWst rafhlöðunni en 6.490.000 kr. með 77 kWst rafhlöðu í Ambition-útgáfu.

Fara þarf í Style-útgáfu til að fá þokkalega búinn bíl og hún er líka 900.000 kr dýrari. Þótt að grunnverð bílsins sé gott þarf að eyða nokkru í aukahlutapakka til að fá hann vel búinn. ■

Mælaborðið er einfalt og áherslan er á stóran 13 tommu upplýsingaskjá þaðan sem hægt er að stjórna flestum aðgerðum.

Það er hátt til lofts og vítt til veggja í afursætunum og þess vegna fer vel um þrjá fullorðna.

Eins og sést á myndaröðinni leggur bíllinn svo vel á að hann sneri við innan í þessum braggarústum, en snúningshringurinn er 9,3 metrar.

» Enyaq er 70 mm lengri en VW ID.4 svo hann er aðeins rúmbetri aftur í og má með góðri samvisku segja að vel fari um þrjá fullorðna í aftursætum.

Farangursrýmið er 585 lítrar svo það er talsvert stærra en í systurbílnum VW ID.4.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

23. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 8. júní 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Andri Sigurðsson Lögg. fast. og eigandi
Sigurður Samúelsson Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland Lögg. fast og eigandi
Þórey Ólafsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Júlíus Jóhannsson Lögg. fast. og eigandi
Monika Hjálmtýsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen Lögg. fast. og eigandi
Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggiltur fast.
Eggert Mariuson Löggiltur fast.
Jón Óskar Löggiltur fast.
Guðrún D. Lúðvíksdóttir Löggiltur fast.
Ása Þöll Ragnarsdóttir Skjalavinnsla/móttaka
Emil Tumi Aðstoðarmaður fasteignasala
Herdís S. Jónsdóttir Aðstoðarmaður fasteignasala
Bryndís Bára Aðstoðarmaður fasteignasala

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Löggiltur fasteignasali og lögfræðingur

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Embla Valberg
Löggiltur fasteignasali. Skrifstofustjóri.
embla@valholl.is
588 4477

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Rakel Árnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Kóngsbakki 7 er falleg, björt og mikið endurgerð íbúð á efstu hæð í barnvænu og grónu Neðra-Breiðholtinu. Þvottahús er inn af eldhúsi, innan íbúðar, skápar í hverju herbergi og stórar suðvestursvalir meðfram allri íbúðinni.

Yndisleg íbúð í grónu hverfi

Fold fasteignasala kynnir mjög góða og mikið uppgerða fjögurra herbergja íbúð á efstu hæð í Kóngsbakka 7.

Nýlega var skipt um gólfefni og eldhúsinnréttingu í íbúðinni og baðherbergi endurnýjað. Þá er búið að endurnýja ofna, vatnslagnir og rafmagn.

Þegar inn í íbúðina er komið tekur við hol með fataskáp. Stofan er rúmgóð með útgengi á svalir og nýrri svalahurð. Í eldhúsinu er falleg hvít innrétting með nýlegum tækjum og borðkrók. Þvottahús er innan íbúðar, af eldhúsi, með hillum og máluðu gólfi. Þrjú svefnherbergi eru öll með skápum. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf, með upphengdu salerni, innréttingu og sturtu með sturtugleri. Parket og flísar eru á gólfum. Stórar svalir eru meðfram allri íbúðinni sem snúa í suðvestur.

Eldhúsið er með nýrri og glæsilegri innréttingu, nýlegum tækjum og góðum borðkrók við stóra glugga. MYNDIR/AÐSENDAR

Íbúðin er 88,8 fermetrar og geymslan 10,6 fermetrar; samtals 99,4 fermetrar. Íbúðin á 17,87 eignarhlut í stigahúsinu og 2,25 prósent í öllu húsinu. Góð aðkoma er að Kóngsbakka 7 sem er í grónu og fallegu hverfi, póstnúmer 109. Næg bílastæði og stutt í margvíslega þjónustu. Stigagangur er nýteppalagður. Ný eldvarnahurð er inn í íbúðina og nýjar hurðir í sameign. Sameiginleg vagna- og hjólageymsla er á fyrstu hæð.

Í heildina mjög góð og mikið uppgerð íbúð með góðu innra skipulagi.

Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf Björnsson, löggiltur fasteignasali, í síma 895 7205 og á netfanginu gustaf@fold.is.

heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali
Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Garðabær
Einbýlis – raðhús og parhús óskast fyrir trausta kaupendur

Sumarhús á eignarlóð í landi Nesja, Þingvöllum.

- Frábærlega staðsett 92,7 fermetra sumarhús á 5.000 fermetra eignarlóð á einstökum útsýnisstað í landi Nesja á Þingvöllum.
- Skv. skráningu Þjóðskrár er birt flatarmál 92,7 fermetrar og byggingarár er sagt vera árið 1960, þó er húsið upphaflega byggt árið 1918. Nýbygging (austurhluti hússins) er hannaður af Halldóri Gíslasyni arkitekt.
- Lóðin er mjög gróin og eru tvö aukahús á lóðinni. Annað húsið er verkfæraskúr sem nota má sem bátageymslu og hitta er leikhús fyrir börn. Að sögn seljanda er leyfi fyrir eina veiðistöng við vatnið (skv. afsali) og er hefð fyrir því að vera með bát á svæðinu.

Verð 49,5 millj.

Aflagrandi – Raðhús.

- Mjög vandað og vel skipulagt 312,0 fermetra raðhús á fjórum hæðum við Aflagranda í Reykjavík.
- Húsið er teiknað að utan og innan af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt.
- Lóðin er mjög falleg með hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið og fallegum beðum undir gróður. Baklóðin er öll afgirt og mjög skjólsæl með hellulagðri verönd og mjög fallegum trjágróðri.
- Húsið að utan hefur alla tíð fengið gott viðhald og lítur vel út.

Verð 144,5 millj.

Skúlagata 40B – Glæsileg íbúð á efstu hæð.

- Glæsileg 139,9 fermetra íbúð á 4. og efstu hæð í litlu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri við Skúlagötu. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu.
- Mikil lofthæð er í stofum. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Sjónvarpsstofa.
- Búið er að endurnýja innréttingu og tæki í eldhúsi ásamt innréttingu á baðherbergi. Hellulagðar svalir til austurs og suðurs.
- Góð aðkoma er frá Barónsstíg og næg bílastæði.

Verð 79,9 millj.

Grenimelur – Neðri sérhæð og kjallari. 2 íbúðir.

- 160,7 fermetra sérhæð, 1. hæð og kjallari við Grenimel.
- Á 1. hæð er 90,2 fermetra 3ja herbergja íbúð og í kjallara er 70,5 fermetra 2ja herbergja íbúð sem ekki er samþykkt sem sér íbúð en er með rúmlega fullri lofthæð.
- Báðar íbúðirnar eru með aukinni lofthæð, bjartar og vel skipulagðar. Gott tækifæri til að eignast tvær mjög góðar íbúðir í sama húsinu.
- Húsið var steinað upp á nýtt árið 2007 og þakjárn var endurnýjað ásamt þakpappa árið 2016.
- Gott tækifæri til að eignast tvær mjög góðar íbúðir í sama húsinu.

Verð 89,9 millj.

Laugavegur 86-94. 2ja og 3ja herbergja íbúðir.

- 3ja herbergja 93,7 fm. íbúð á 4. hæð. Svalir til suðurs með útsýni yfir miðborgina. Íbúðin er virkilega vönduð og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími. <B>Verð 68,5 millj.<BL>
- 2ja herbergja 70,7 fm. íbúð á 3. hæð. Svalir til norðurs þaðan sem nýtur útsýnis. Þvottaherbergi innan íbúðar. Baðherbergi með marmarasteini á gólfum og veggjum.

Verð 52,9 millj.

Íbúðir eru sérstaklega hljóðeinangraðar sem og hluti sameignar. Stæði fyrir íbúðir á baklóð og stórt bílastæðahús er undir húsinu.

Hraunbær 170– 3ja herbergja íbúð.

- Mjög góð 3ja herbergja 88,9 fermetra íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi við Hraunbæ í Reykjavík. Íbúðinni fylgir sérmerkt bílastæði rétt við inngang hússins.
- Rúmgóð stofa með útgengi á svalir til vesturs. Eldhús með glugga til austurs. Tvö svefnherbergi.
- Húsið að utan var allt viðgert og málað árið 2020 og lítur vel út. Árið 2012 var skipt um þakjárn á húsinu, þakrennur og niðurföll.
- Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 39,9 millj.

Laugavegur 51- verslunarhúsnæði

- 99,7 fm. verslunarhúsnæði við Laugaveg 51 auk 103,9 fm. kjallara sem bæði er innangengt í og er líka bæði með innkeyrsludyrum af baklóð og göngudyrum.
- Húsnæðið er með mjög stórum gluggum út að Laugaveginum.
- Sér bílastæði á baklóð hússins fylgir eignarhlutanum.

Mögulegt væri að skipta húsnæðinu upp í tvo eignarhluta, kjallara og hæð og leigja út í sitthvoru lagi. Þetta er húsnæði sem getur hentað mjög vel undir verslun, veitingahús, skrifstofur o.fl.

Sumarhús – Valhallarstígur - Þingvöllum

- Reisulegt sumarhús við Valhallarstíg Nyrðri, Þingvöllum, Bláskógabyggð. Gróin lóð með hávöxnum trjám við opið svæði nærri Þingvallavatni með viðáttumiklu útsýni yfir vatnið og fjallasýn.
- Húsið er afar vel byggt hús frá fyrstu gerð, reisulegt og stílhreint, en þarfnast talsverðrar endurnýjunar. Timburhús á steyptum grunni, ein hæð og ris, byggt á árunum 1929-1930 að raunstærð um 125,0 fm.
- Lóðin er leigulóð 5.600,0 fm. að stærð og er í eigu Ríkissjóðs Íslands. Aðgengi að húsinu er mjög gott frá bílaplani framan við húsið.

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Naustavör nr. 44-50. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.

- Naustavör 44-50 eru hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðin sem eftir er er 3ja herbergja íbúð 125,5 fermetrar á 1.hæð. Til afhendingar í júlí 2021.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðin sjálf verður afhent án gólfefna, en flísar verða á gólfi á baði og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgja íbúðinni.

Verð íbúðar er 81,5 millj.

Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

FOLD FASTEIGNASALA

Traust og rótgróin fasteignasala

Sími 552 1400 fold.is

Viðar Böðvarsson
Eigandi og framkvæmdastjóri:
Viðskiptaf. og lg.f.
vidar@fold.is
S: 694 1401

Einar Marteinsson
löggiltur fasteignasali
einarm@fold.is
S: 893 9132

Anna Ólafía Guðnadóttir
Eigandi - BA í bókmennta-fræði og íslensku
anna@fold.is

Sævar Bjarnason
lðnrekstrarfræðingur
sölumaður-löggildingarnemi
saevar@fold.is
S: 844 1965

Gústaf Adolf Björnsson
Löggiltur fasteignasali og íþróttafræðingur
gustaf@fold.is
S: 895 7205

Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfræðingur og löggildingarnemi.
rakel@fold.is

Hlynur Ragnarsson
Sölumaður-löggildingarnemi.
hlynur@fold.is
S: 624 8080

Álftamýri 8, 108 Rvk, 4ra herbergja á 4. hæð.

OPIÐ HÚS ÞRI 8/6 KL. 16:15-17:00.

4ra herbergja endaíbúð á 4. hæð miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin er skráð 86,9 fm og 4 fm sérgeymsla og skiptist í forstofu, eldhús, stofu, 3 svefnherbergi og baðherbergi. Frábær staðsetning og stutt í verslun og þjónustu.
Verð 48,5 millj. Opið hús þriðjudaginn 8. júní kl. 16:15-17:00.
Verið velkomin, hlynur@fold.is / 624-8080.

Stóragerði 10, 108 Rvk., 4ra herberja m/bílskúr.

OPIÐ HÚS MIÐ 9/6 KL. 16:15-17:00.

Stóragerði 10: 101 fm góð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð ásamt 20 fm bílskúr, samtals 121,3 fm. Íbúðin er vel skipulögð með þremur svefnherbergjum, eldhúsi, baðherbergi og stofu. Eignarhluti fylgir í rými í sameign stigagangsins. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. **Verð 49,9 millj.**
Opið hús miðvikudaginn 9. júní kl. 16:15-17:00, **verið velkomin.**

Kaplaskjólsvegur 37, 107 Rvk, 4ja herbergja.

OPIÐ HÚS MIÐ 9/6 KL. 17:00-18:00.

4ja herbergja íbúð á 2. hæð á eftirsóknarverðum stað í Vesturbænum. Íbúðin er skráð samtals 100,4 fm og þar af geymsla 6,3 fm. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, tvær samliggjandi stofur (hægt að breyta í herbergi), 2 svefnherbergi og baðherbergi. **Verð 54,9 millj.**
Opið hús miðvikudaginn 9. júní kl. 17:00-18:00, **verið velkomin.**
Nánari upplýsingar gefur hlynur@fold.is / 624-8080.

Sóleyjargata 29, 101 Rvk.,

EINBÝLISHÚS Á FJÓRUM HÆÐUM.

Glæsilegt einbýlishús á frábærum stað í 101 Reykjavík. Arkitektinn Sigurður Guðmundsson teiknaði húsið fyrir Thor Thors 1933, en það var endurnýjað 2014. Lóðin er 760 fm eignarlóð. Í húsinu eru 10 svefnherbergi og eru 5 þeirra með sérbaðherbergjum m/walk in sturtu. Húsið er skráð 358,4 fm. Efsta hæðin er óskráð þannig að samtals er húsið rúmir 400 fm. Á efstu hæðinni eru þaksvalir með heitum potti, þar er einnig nýlegur saunaklefi. Húsið stendur á rúmlega 760 fm. eignarlóð miðsvæðis í 101.
Verð kr. 225.000.000.- Skipti möguleg á íbúðarhúsnæði.
Velkomið að bóka skoðun: 552-1400 / fold@fold.is.

Hrafnhólar 2, 111 Rvk,

4RA HERBERGJA M/BÍLSKÚR.

4ra herbergja íbúð á 2. hæð á góðum stað í Breiðholti. Íbúð og geymsla er skráð samtals 105,6 fm og bílskúr 25,6 fm. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, 3 svefnherbergi og baðherbergi.
Verð 49,9 millj.

Nánari upplýsingar gefur hlynur@fold.is / 624-8080.

Kóngsbakki 7, 109 Rvk,

4RA HERBERGJA.

Mjóg góð og mikið uppgerð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð ásamt geymslu í kjallara, samtals 99,4 fm. Búið að endurnýja eldhús, bað og gólfefni sem og rafmagn og vatnslagnir. Parket og flísar á gólfum. Þrjú svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Laus við kaupsamning.
Verð 46,9 millj.
Velkomið að panta tíma fyrir skoðun: gustaf@fold.is / 895-7205.

Sætún - eignarland,

116 KJALARNES - REYKJAVÍK.

Höfum til sölu samtals rúmlega 6 hektara land á frábærum stað á Kjalarnesi í Reykjavík. Um er að ræða 3 lönd sem geta selst saman eða sitt í hvoru lagi. Á tveimur þeirra eru fasteignir og byggingarréttur og eru miklir framtíðarmöguleikar. **Nánari upplýsingar hjá fasteignasölum Foldar. Eignarhlutarnir 3 eru á verðinu 35, 70 og 95 milljónir.**

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- húseign með nokkrum íbúðum.
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Íbúð fyrir eldri borgara

- höfum kaupendur að eldri borgara íbúðum á höfuðborgarsvæðinu
- Hæðargarður, Bólstaðarhlíð, Aflagranda, Hvassaleiti, Gullsmára, Kleppsvegi, Jökulgrunn, Árskógar og fl. koma til greina
- frekari upplýsingar á skrifstofu 552-1400 / fold@fold.is

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

Ómar Hvanndal
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Ásgrímur Ásmunds
hdl. & lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Péturs
hdl. og löggiltur fasteignasali

Faxaskjól 18
107 Reykjavík

Fallegt 329 fm einbýlishús með glæsilegu sjávarútsýni

- Eitt af fáum einbýlishúsum borgarinnar við Skerjafjörð
- Glæsilegt sjávarútsýni / glæsilegar stofur
- Sjö rúmgóð og björt svefnherb.
- Möguleiki á þremur íbúðum
- Öll rýmin rúmgóð og björt
- Einstök staðsetning

Verð: **159 millj.**

Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Sóltún 11
105 Reykjavík

Falleg og einstaklega vel skipulögð fimm herbergja 134 fm endaíbúð á 2. hæð

- Alrými er sérlega vel skipulagt og er rúmlega 50 fermetrar að stærð.
- Stórar suðvestur svalir útgengt á frá stofu.
- Þrjú svefnherbergi
- Stæði í lokaðri bílgeymslu

Verð: **79,9 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is

Mánatún 5
105 Reykjavík

152,1 fm íbúð á 5. hæð

- Tvö svefnherbergi og 2 baðherbergi
- Rúmgóðar stofur
- Stæði í bílageymslu
- Mikil lofthæð
- Gólfhiti

Verð: **Tilboð**

Nánari upplýsingar:
Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Dimmuhvarf 27
203 Kópavogur

Glæsilegt 356,4 fm einbýlishús með 3 auka-íbúðum, hellulagt bílaplan

- Aðalhúsið er 4ra herbergja og bílskúr og 3ja herbergja íbúð á neðri hæð með sérinngangi
- Bakhús sem er útfært sem 2 íbúðir sú stærri og er 3ja herbergja og stúdíóíbúð
- Stór geymsla í gestahúsinu og önnur minni við hliðina á studio íbúðinni

Verð: **192 millj.**

Nánari upplýsingar:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

569 7000

Með þér alla leið

Góð tveggja herbergja 70 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi

Verð: **28,7 millj.**

- Sérverönd út frá stofu
- Skiptist í forstofu, þvottaherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og eitt svefnherbergi
- Gólfhiti

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Vel skipulögð og mikið endurnýjuð íbúð á 2. hæð

Verð: **56 millj.**

- Stærð 111 fm, 3 svefnherbergi
- Opið er frá eldhúsinu yfir í rúmgóða stofu/borðstofu þaðan sem útgengt er á rúmgóðar svalir.
- Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónsutu

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 Gunnar S. Jónsson löggiltur fasteignasali

Gott og mikið endurnýjað 136 fm endaraðhús með suður-sólpalli

Verð: **69,7 millj.**

- Rúmgóð stofa með útgangi á sólpall
- Þrjú svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi
- Húsið er mikið endurnýjað og í góðu ástandi

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

4ra herbergja 83 fm íbúð á 2. hæð

Verð: **49,9 millj.**

- Frábær staðsetning
- Mikið endurnýjuð eign
- Geymslur fylgja báðum íbúðum
- Þrjú svefnherbergi, gott skipulag
- Afhendist strax

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Einbýlishús 81,1 fm við Bráðræðisholtið. Falin perla í Reykjavík

Verð: **57,9 millj.**

- Húsið var friðað árið 2012 og stendur á eignarlóð
- Forstofa, stofu, sólskála, eldhús, bað, þvottahús, svefnherbergi, rúmgott alrými og fallega innréttað
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

Vel skipulögð 118 fm íbúð á 2. hæð í góðu nýlegu húsi við Grandaveg

Verð: **76 millj.**

- 3ja herbergja 118 fm
- Tvö svefnherbergi og tvö salerni
- Stæði í bílageymslu
- Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 Gunnar S. Jónsson löggiltur fasteignasali

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Mosagata 13-15

210 Garðabær

Ný og glæsileg 117 fm fjögurra herbergja íbúð í Urriðaholtinu

- Gott alrými með eldhúsi, borðstofu og stofu,
- Þrjú svefnherbergi, baðherbergi með sturtu,(eða baðkari)
- Sér þvottahús
- Svalir
- Geymsla í sameign
- Stæði í bílageymslu
- Skilast án gólfefna

Verð: **69,9 millj.**

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Bergstaðastræti 56

101 Reykjavík

Einstaklega sjarmerandi, vel skipulögð og björt 123 fm sérhæð

- Falleg, björt íbúð með mikilli lofthæð.
- Rúmgóð samliggjandi stofa og borðstofa með gluggum á 3 vegu og útgangi út á rúmgóðar suð/suðvestur svalir.
- Rúmgott eldhús með sérsmíðuðum innréttingum.
- Þrjú svefnherbergi

Verð: **78,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Litla – Hof

851 Rangárþing ytra

Deiliskipulögð íbúðabyggð við Eystri Rangá

- Lóðastærðir frá 1,4 – 3 hektara eignarlönd
- 96 km frá Reykjavík, malbik alla leið
- Víðsýnt og ægifagurt útsýni
- Heildar byggingarmagn 600 fm á lóðir
- Hámark 6 byggingar á lóð
- Kalt vatn, rafmagn og ljósleiðari v. lóðarmörk

Verð frá: **3,6 millj.**



Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Hjallabraut 37

220 Hafnarfjörður

114,2 fm 5 herbergja íbúð á 4. hæð

- 3 rúmgóð svefnherbergi og eitt minna.
- Bjartar stofur mót suðri.
- Frábært útsýni Sér geymsla í kjallara.

Verð: **50,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteigna & skipasali
Sími: 698 4450
ingi@miklaborg.is

Sogavegur 73-77

108 Reykjavík

Fallegar og mjög vel skipulagðar nýjar íbúðir 3ja - 4ra herbergja

- Íbúðirnar afhendist með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél
- Bílastæði í bílageymslu
- Sérinngangur með mörgum íbúðum
- Sérafnotaréttir eða svalir með öllum íbúðum

Verð frá: **67,9 millj.**

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

job

Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**

MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkera- og matarbloggara, fær innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnist matarmenningu hvers og eins. Sjöfn heimsækir jafnframt heimili ólíkra einstaklinga, kynnist persónulegum stíl þeirra og hönnun.

Matur og Heimili er á dagskrá alla þriðjudaga klukkan 19.00.

BÓNUS

Lemon

HRINGBRAUT

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Rimac ofursportbíllinn telst nú framleiðslubíll og mun því eflaust reyna við einhver met áður en langt um líður.

Rimac Nevera er fljótasti bíll í heimi

Frá Króatíu kemur rafdrifinn ofursportbíll sem skilar 1.888 hestöflum og er nú fljótasti bíll í heimi í hvaða hraðatölu sem er.

njall@frettabladid.is

Rimac Nevera kom fyrst fram á sjónarsviðið sem tilraunabíllinn C_Two fyrir þremur árum síðan. Nevera byggir að miklu leyti á þeim bíl og notar sama vélbúnað sem eru fjórir öflugir mótorar við hvert hjól. Hestaflatalan er eitthvað til að státa af því að samtals skila þeir 1.888 hestöflum og hvorki meira né minna en 2.360 Nm togi. Að sögn Rimac er aflið þrefalt á við hefðbundinn ofurbíl nútímans með brunahreyfil eingöngu. Að sögn Rimac er bíllinn 2,5 sekúndum fljótari í 300 km á klst. en áður var haldið fram, en hann er aðeins 9,3 sekúndur að ná því marki. Hröðun í 100 km er aðeins 1,85 sekúndur og hámarkshraði hans er 415 km á klst. sem er svipað og í Bugatti Chiron.

Aflið kemur frá H-laga 120 kWst rafhlöðu undir bílnum sem er gefin upp fyrir 550 km drægi. Lag rafhlöðunnar er nokkurs konar undirstaða fyrir einrýmis yfirbyggingu bílsins sem öll er úr koltrefjum og er stærsta koltrefjaeining sem framleidd er í bílaheiminum í dag. Mikið er lagt upp úr loftflæði eins og búast má við og hlutir eins og vindskeið, botnplata, vinddreifari og húdd breyta stöðu sinni eftir akstri og hraða bílsins. Aðeins 150 Rimac Nevera verða smíðaðir og síðan seldir í þremur útfærslum, GT, Signature og Timeless. Hvert eintak mun kosta um 300 milljónir króna svo við skulum ekki búast við slíkum grip hingað til lands í bráð. ■

Innréttingin byggir á tölvuskjáum sem tala við hugbúnaðarkerfi bílsins.

Hurðirnar eru vængjahurðir sem opnast á ská upp á við.

Ofursportbíllinn Czinger 21C mun líklega ná yfir 450 km hraða

Með breytingum á hinum 1.233 hestafla Czinger 21C sem er kominn í framleiðslu nær bíllinn nú hraða sem ekki hefur sést áður í framleiðslubíl.

njall@frettabladid.is

Ameríski ofurbílaframleiðandinn Czinger hefur sýnt framleiðsluútgáfu 21C bílsins sem kemur á markað 2023. Á bíllinn að keppa við ofurbíla eins og McLaren Speedtail og Aston Martin Valkyrie en hann hefur meðal annars vakið athygli fyrir farþegarýmið sem minnir á orustuþotu. Breytingin frá tilraunabíl til framleiðslubíls er talsverð og þurfti Czinger að sækja um 100 einkaleyfi til viðbótar við þau 350 sem þegar hafði verið sótt um fyrir tilraunabílinn. Bíllinn er nú breiðari en áður og 2.050 mm á breidd sem er meira en hjá hinum svera Bugatti Chiron. Breiddin kemur aðallega til vegna þess að framleiðandinn vildi breiðari dekk til að ráða betur við bílinn í beygjum. Bíllinn er aðeins 1.240 kíló svo að hestöflin eru eitt á hvert kíló þurrviktar hans. Vélin er 2,9 lítra V8 vél með tveimur forþjöppum sem gengið getur á methanóli og skilar 950 hestöflum ein og sér. Tveir 150 hestafla rafmótorar eru við framhjólin svo að samanlögð hestaflatala er 1.233 hestöfl. Auka 100 hestöfl eru svo til reiðu ef þess gerist sérstaklega þörf. Að sögn framleiðandans er bíllinn með allt að 452 km hámarkshraða og upptaki í 100 km á aðeins 1,9 sekúndum. Hröðun í 300 km á klst. tekur aðeins 13,8 sekúndur. Czinger hefur sagt að hámarkshraðinn verði staðfestur í framtíðinni sem þýðir að hraðamet er í krosshárunum. ■

Czinger hefur frumsýnt nýja tölvumynd af 21C bílnum sem frumsýndur verður á næstu vikum.

westfalia AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og afgreiðslutíma hjá Bílanaust.

Bílanaust
Á FULLRI FERÐ

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

www.bilanaust.is

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Opel Mokka-e

KOSTIR
- Útlit
- Hljóðlátur
- Verð

GALLAR
- Undirstýring
- Pláss í aftursætum

Grunnverð: 4.590.000 kr.
Hestöfl: 134
Tog: 260 Nm
Hröðun 0-100 km: 8,7 sek.

Hámarkshraði: 150 km
Rafhlaða: 50 kWst
Eigin þyngd: 1.550 kg
Drægi: 325 km

Hleðslutími 100 kW: 31 mín.
L/B/H: 4.150/1.750/1.525 mm
Hjólhaf: 2.650 mm
Farangursrými: 310 lítrar

Nokkuð bragðgóð blanda

Óhætt er að segja að rafdrifin afurð Mokkablöndunnar hafi vakið athygli að undanförnu. Framendinn er áberandi með mjóum aðalljósum og Vizor útlitinu með áberandi framsettum stuðara. Í grunninn er um sama bíl og Peugeot 2008-e að ræða enda deila þeir miklu, eins og CMP undirvagninum.



Opel Mokka vekur athygli fyrir frísklegt útlit og glaðlegt litaval. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Bíllinn kemur með 134 hestafla rafmótor sem skilar 260 Nm togi en það dugar bílnum til að fara í hundraðið á 8,7 sekúndum í Sport stillingu vel á minnst. Ef bíllinn er settur í Normal aksturstillingu er hann 107 hestöfl og með 220 Nm tog, og ef farið er niður í Eco-stillinguna er hann aðeins 81 hestafl og togið 180 Nm. Rafhlaðan er 50 kWst og drægið því í minna lagi, eða 325 km, en sú tala er örugglega nokkuð nærri lagi.

Það er gott að keyra bílinn og er hann með hljóðlátari rafbílum. Viðbragðið er vel viðunandi frá núllpunkti en ef huga á að framúrakstri er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig. Bíllinn er framdrifinn og þess vegna er meira af þyngd hans þar og finnst það aðeins í kröppum beygjum þegar hann vill leggjast aðeins niður á framhornið. Fjöðrunin er líka aðeins mýkri en í öðrum rafbílum sem er kostur þegar brugðið er út af malbiki yfir á holóttan malarveg.

Besta plássið fram í

Þótt bíllinn sé 125 mm styttri en fyrri kynslóð Mokka er hann örlítið rúmbetri að innan. Kemur það til vegna þess að bíllinn er 10 mm breiðari og hjólhafið örlítið meira.

Það er tvennt sem að setja má út á við inn- eða útstig en það er annars vegar fyrirferðarmiklir B-bitar og há bríkin við sílsa. Þegar inn er komið er plássið hins vegar furðu gott og auðvelt fyrir hávaxna að finna góða aksturstillingu. Plássið í aftursætum er viðunandi fyrir tvo fullorðna en aftur er sílsinn fyrir fótum farþeganna. Farangursrýmið er heldur ekki til að hrópa húrra fyrir en flestir samkeppnisaðilar gera betur í þeim efnum.

Uppsetning mælaborðs er einföld og blátt áfram og sem betur fer er hægt að stjórna miðstöð og hljóðstyrk með hefðbundnum snúningstökkum.

Rafmótorinn er 134 hestöfl og viðbragðið 8,7 sekúndur í hundraðið.

> Það er gott að keyra bílinn og hann er með hljóðlátari rafbílum.

Helsti kostur Opel Mokka í innanrými er vel uppsett mælaborð og sem betur fer er hægt að stjórna miðstöð og hljóðstyrk með hefðbundnum snúningstökkum. Skjáirnir eru tveir og sýna á einfaldan hátt þær upplýsingar sem þörf er á.

Um miðjan flokk í verði

Samkeppnin er orðin nokkuð hörð í þessum stærðarflokki rafbíla. Augljós samkeppni er frá Peugeot 2008-e en einnig má bera hann saman við Hyundai Kona Electric og MG ZS EV til að mynda.

Opel Mokka-e kostar frá 4.590.000 kr. í grunnútgáfu en líklega vilja flestir allavega Elegance-útgáfu með leiðsögukerfi, bakkmyndavél og nálægðarskynjurum. Ekki þarf að bæta miklu við til að fá vel búnar GS-Line eða Ultimate-útgáfur. Eins og búast má við er verð á Peugeot 2008 í svipuðum tón en grunnverð hans er 4.490.000 kr. Vel búinn MG ZS EV er frá 4.090.000 kr. og Hyundai Kona Electric frá 5.290.000 kr. með minni rafhlöðunni svo að Opel Mokka liggur um miðjan flokkinn í verði. ■

Pláss er af skornum skammti fyrir fætur og hár síls flækist fyrir.

Farangursrými er 310 lítrar sem er minna er hjá samkeppnisaðilum.

FERÐASUMARIÐ MIKLA

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA
VIÐ BÍLAEIGENDUR OG
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÍLANAUST

FARANGURSBOX

ÞVERBOGAR

REIÐHJÓLAFESTINGAR

HLIÐARSPEGLAR

TRAPPA

DÚKUR Í FORTJALD

KÆLIBOX

BÓNVÖRUR

NEYSLUGEYMAR

HLEÐSLUTÆKI

STRAUMBREYTIR

DRÁTTARBEISLI

Allt fyrir bílinn á einum stað!

RAFMAGNSVÖRUR

LOFTPRESSUR 12V

Bílanaust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Listsýning Snigils #1 á gömlum mótorhjólum

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Í sumar er haldin sérstök yfirlitssýning á verkum listamannsins Hilmars Lútherssonar, en hjá þeim sem þekkja eitthvað til mótorhjóla á Íslandi er hann þekktur fyrir áhuga sinn á gömlum mótorhjólum og því að koma þeim í upprunalegt horf.

Sýningin er haldin í allt sumar á Mótorhjólasafni Íslands sem staðsett er skammt frá flugvellinum á Akureyri. Mótorhjólasafnið er opið á hverjum degi milli klukkan 13–17 og þá líka um helgar.

Á sýningunni má sjá rúman tug mótorhjóla sem Hilmar hefur gert upp en alls hefur hann gert upp um fimmtíu mótorhjól gegnum tíðina. Flest hafa þessi mótorhjól fundist hér á landi, annaðhvort af honum sjálfum eða öðrum og risið upp úr öskustónni eftir að Hilmar hefur farið höndum um þau. Meðal gripa á sýningunni eru Velocette MAC 350 1936, Federation 1936, Ariel NH350 1938, Matchless G8L 1946, New Hudson 1946, Victoria 50 1960, Simson 50 1963, BSA Thunderbolt 1972 og Kawasaki GPz 900 1986.

Elsta hjólið á sýningunni er Velocette MAC 350 frá 1936. Hilmar eignaðist það 2019 en það hafði reyndar farið um hendur hans rúmum tveimur áratugum áður þegar vinur hans Steini Tótu byrjaði uppgerð á því. Þá voru gjarðir teinaðar, gerður upp mótor og grindin máluð en svo fór það í biðstöðu. Saga Velocette hjólsins er nokkuð óljós en líklega kom það nýtt til Vestmannaeyja og var þar í eigu Sölva nokkurs.

Eftir stríð er hjólið komið til Siglufjarðar en þar lendir það í umferðaróhappi rétt fyrir 1950. Helgi Ólafsson kaupir það eftir tjónið og flytur það með fiskiskipinu Súðinni til Raufarhafnar. Ragnar Svanholt á Þórshöfn eignast hjólið kringum 1954 og á það í eitt ár, en svo fær Jóhann á Ormslóni hjólið sem notar það í mörg ár. Þröstur Víðisson fréttir svo af gömlu mótorhjóli á Ormslóni 1988 og eignast það eftir samtal við Jóhann bónda.

Hjólið gerði Hilmar upp 2019–2020 og talsvert fór af nýjum hlutum í hjólið, ekki síst hið verklega púströrkerfi sem undir því er. ■

Velocette MAC 350 hjólið kom nýtt til landsins 1936 og lítur nú aftur eins vel út 85 árum seinna.

Hilmar Lúthersson við opnun sýningarinnar á Mótorhjólasafni Íslands.

» Sýningin er haldin í allt sumar á Mótorhjólasafni Íslands og er opið milli 13-17 alla daga.

Svona leit hjólið út seint á níunda áratug síðustu aldar þegar það kom í hendur þeirra Hilmars og Steina.

Viltu kaupa mótorhjólið úr Easy Rider?

Captain America er hjólið sem Peter Fonda ók í kvikmyndinni Easy Rider frá 1969 en það mun nú vera á leið á uppboð í Bandaríkjunum 21. júní næstkomandi. Um mikið breytt Harley-Davidson 1952 með Panhead mótor er að ræða sem breytt var af Dan nokkrum Haggerty.

njall@frettabladid.is

Til að gera einfalda sögu flókna er ekki um eitt mótorhjól að ræða, en Haggerty mun hafa smíðað fjögur eins hjól fyrir tökur myndarinnar.

Hjólið sem verður boðið upp er hjólið sem notað var í lok myndarinnar, þegar sveitalubbarnir skjóta þá Dennis Hopper og Peter Fonda með köldu blóði og hjólið endar á bálkesti utan vegar. Haggerty mun hafa fengið það hjól gefins eftir að tökum á myndinni var lokið, en hinum þremur mun öllum hafa verið stolið. Haggerty gerði hjólið upp og sýndi á ríkissýningu Iowa, en það fór svo á uppboð og var selt Gordon nokkrum Granger árið 1996 fyrir 63.500 dollara.

Hér verður málið nokkuð flókið því að það fór svo aftur á uppboð 2014 og seldist fyrir metupphæðina 1.350.000 dollara, en það var samt ekki sama hjólið að sögn Haggerty, heldur eitt af hjólunum sem stolið var. Hjólið sem nú er í sölu er hjól Granger og því fylgja þrjú skjöl er votta sögu þess, eitt þeirra undirritað af Haggerty sjálfum en hann dó árið 2016.

Áætlað er að hjólið fari fyrir allt að hálfa milljón dollara sem þykir ekki mikið í þessum uppboðsheimi, og spennandi verður að sjá hvort slegist verði um gripinn eða ekki. ■

Hjólið sem selt var 2014 hefur verið tilefni deilna og margir dregið uppruna þess í efa, meðal annars Peter Fonda.

» Til að gera einfalda sögu flókna er ekki um eitt mótorhjól að ræða, en Haggerty mun hafa smíðað fjögur eins hjól fyrir tökur myndarinnar.

Atriðið úr myndinni þegar hjólið fer út af eftir að Peter Fonda er skotinn.



Captain America er hjól Peter Fonda fyrir aftan hjól Dennis Hopper.

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Fyrsta afurð VW/Ford samstarfsins væntanleg 2023

njall@frettabladid.is

Ford áætlar að fyrsti rafbíll merkisins sem byggður verður á MEB undirvagninum frá Volkswagen komi á markað árið 2023. Verður það fyrsti bíllinn sem smíðaður verður í rafbílaverksmiðju Ford í Köln. Í staðinn mun Ford sjá um að smíða vinnubíla fyrir Volkswagen-merkið.

Það er ekki bara undirvagninn sem Ford mun nota heldur einnig mótora og fjöðrunarbúnað ásamt tölvukerfum sem tengjast þeim. Það þýðir að von getur verið á fleiri en einni útgáfu af bílnum, sem verður í næsta stærðarflokki fyrir neðan Ford Mustang Mach-E.

Bíllinn hefur ekki fengið nafn enn þá en ekki er ólíklegt að Ford sæki í fortíðina eins og þeir hafa gert að undanförnu með Puma, Bronco og Mustang. ■

Rafbíllinn mun koma á MEB undirvagninum og deila fjöðrunarbúnaði og tölvubúnaði með bílum Volkswagen.

Rafjepplingurinn frá Ford mun byggja á MEB undirvagni Volkswagen en hafa útlitið frá Ford.

Aðeins glittir í afturenda bílsins með Fuji-fjallið í baksýn á nýjustu mynd Lexus af NX jepplingum.

Fyrsta opinbera myndin af nýjum Lexus NX

njall@frettabladid.is

Önnur kynslóð Lexus NX jepplingsins verður frumsýnd 12. júní næstkomandi og Lexus-merkið hefur sent frá sér fyrstu myndina, sem sýnir efri hluta afturenda bílsins.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar þar eins og sjá má af ljósalínu sem nær breidd bílsins, en slíkt er mjög vinsælt hjá framleiðendum í dag. Búast má við að bíllinn notist við tengiltvinnútgáfu eins og hjá Toyota RAV4 enda byggir bíllinn á sömu botnplötu.

Lexus hefur einnig sótt um einkaleyfi á nöfnunum NX 350 og NX 350h sem þýðir að von er á sömu tvinnútfærslu og í LC500h en þar er 3,5 lítra V6 vél með tvinnbúnaði sem samtals skilar 354 hestöflum. ■

Zaiser Electrocycle er tvíhjóladrifinn krúser með mikið drægi fyrir mótorhjól.

Zaiser rafhjól með 480 km drægi

njall@frettabladid.is

Zaiser er frumkvöðlafyrirtæki í Colorado sem er um það bil að hleypa fyrsta rafdrifna mótorhjóli sínu af stokkunum. Hjólið kallast Electrocycle og er athyglisvert fyrir margar sakir, ekki síst fyrir drægi sem Zaiser segir að sé allt að 480 km.

Hjólið mun koma á markað snemma á næsta ári og er í flokki krúser mótorhjóla, er búið 17,3 kWst rafhlöðu og tveimur rafmótorum á hvoru hjóli fyrir sig. Hámarkshraði þess er 195 km á klst. og það er 3,6 sekúndur í hundraðið en Zaiser hefur ekki enn gefið upp hestaflatölu hjólsins.

Eins og gefur að skilja eru þessar tölur bara frá Zaiser eins og er, og athyglisvert verður að sjá hvort merkið standi við þær þegar hjólið kemur á markað. ■

Brizo™

Sérhannað fæðubótarefni fyrir karlmenn

Þegar karlmenn eldast breytist hormóna-magnið í líkamanum sem getur valdið því að blöðruhálskirtillinn stækkar lítillega með tilheyrandi vandamálum eins og tíðari kló-settferðum, næturbrölti og svefntruflunum.

Kannast þú við þessi vandamál?

- Lítil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátarþörf
- Erfitt að hefja þvaglát

Skúli Sigurðsson hefur góða reynslu af Brizo og segist nú vakna úthvíldur en áður voru tíðar salernisferðir að trufla svefninn. Skúli segir jafnframt að hann hafi mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geti hjálpað og þá án aukaverkana.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

Hafdals hótel við Akureyri

Nýlegt hótel, stór og góð herbergi. fallegt útsýni. 7. mín. akstursfjarðlægð frá miðbæ Akureyrar.
Bókanir á www.hafdals.is
Sími 898 8347

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls á Ísafirði

skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **9. júlí 2021.**

GRINDAVÍKURBÆR

Breyting á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032

Kynning á skipulags- og matslýsingu

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti þann 25. maí 2021 skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032. Lýsingin varðar breytingar á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 og nýs deiliskipulags sem gert verður til að skilgreina framkvæmdir sem fyrirhugað er að fara í landi Hrauns og Ísólfsskála til að bæta þjónustu og aðgengi að gosstöðvunum í Geldingadölum. Einnig verður gerð breyting á aðalskipulagi vegna tilfærslu hreinsivirkis við Eyjabakka í Grindavík, legu sæstrengs/ljósleiðara og uppbyggingu göngu- og reiðhjólastíga frá íbúðarsvæðunum vestast í Grindavík. Skipulags og matslýsigin er aðgengileg á heimasíðu Grindavíkur.

Frestur til að gera athugasemdir við skipulagslýsinguna er til 18.júní nk. og skulu þær vera sendar skriflega á netfangið atligeir@grindavik.is eða til Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62, 240 Grindavík. Athugasemdir skal merkja **„Athugasemd við skipulagslýsingu-breytingar á ASK"**

f.h. bæjarstjórnar Grindavíkur
Atli Geir Júlíusson, skipulagsfulltrúi

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FASTA Ráðningar

www.fastradningar.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Finndu rétta starfskraftinn með því að auglýsa í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

***Samkvæmt prentmælingum Gallup**

Þótt Satu sé uppalin í Helsinki og þyki gaman í Reykjavík þá kann hún að meta ósnortna náttúru. MYND/BJÖRGVIN HILMARSSON

Finnst þetta allt svo rómantískt

Rithöfundurinn Satu Rämö var að gefa út 20. bókina. Allar eru á finnsku en fjalla um Ísland. Sú nýja nefnist Talo maailman reunalla – eða Hús á hjara veraldar.

gun@frettabladid.is

Satu Rämö svarar símanum á Ísafirði og er nýbúin að gefa út bók um lífið í bænum – á móðurmáli sínu, finnsku. Á íslensku mundi bókin heita Hús á hjara veraldar. „Við keyptum hér gamalt hús alveg við sjóinn og bókin fékk nafn sitt af því," segir Satu, sem hefur búið á Ísafirði í hálft annað ár með eiginmanni og tveimur dætrum. „Það er gott að koma á svona stað, detta strax inn í samfélagið og finna sig velkominn. Ísafjörður er bær með stórt hjarta. Húsið okkar var byggt 1905 og er með fyrstu steinhúsum á Íslandi. Nú erum við í framkvæmdum eins og mikið er um í samfélaginu, þar sem eldri perlur eru nýttar, án þess að breyta öllu. Það er skemmtilegt verkefni."

Nýja bókin snýst um lífið á Ísafirði.

Hjartað tók aukaslag

Fyrst kveðst Satu hafa komið til Íslands 2003 sem skiptinemi í eitt ár. „Ég hreifst af landinu og kom aftur og aftur til að ferðast um það. Eitt kvöld hitti ég manninn minn, Björgvin Hilmarsson, á Kaffibarnum og eftir það lá beint við að flytja sjálfa mig inn í landið!" Spurð hvort Björgvin hafi prófað að búa í Finnlandi svarar hún: „Árið sem ég var skiptinemi á Íslandi var hann skiptinemi í Finnlandi. Hjartað tók aukaslag þegar ég heyrði það! Ég var á hans heimaslóðum í 101 Reykjavík og hann nálægt mínu hverfi í Helsinki." Satu segir þau reyna að fara oft til Finnlands með dæturnar sem eru ellefu og fimm ára. „Sú eldri heitir Saga, við erum nöfnur því satu á finnsku þýðir saga. Sú yngri heitir Sæla og er sú fyrsta á Íslandi en það er þekkt nafn í Finnlandi," upplýsir hún.

Fóru út á land í öllum fríum

Þau Satu og Björgvin bjuggu í 101 í áratug. „Það er gaman í Reykjavík, fjölskyldan hans Björgvins og margir vinir okkar búa þar en við erum útivistarfólk og fórum í öllum fríum út á land svo við hugsuðum. Af hverju ekki að prófa að búa úti á landi?" segir hún og heldur áfram. „Við völdum Ísafjörð því hér eru góðar fjallahjólaleiðir og gönguskíðabrautir. Náttúran er líka stórbrotin. Svo er engin sól í marga mánuði en á sumrin bjart allan sólarhringinn. Okkur finnst þetta allt svo rómantískt."

> Húsið okkar var byggt 1905 og er með fyrstu steinhúsum á Íslandi. Nú erum við í framkvæmdum eins og mikið er um í samfélaginu.

Þegar Satu ber þjónustuna á Ísafirði saman við álíka stóra bæi í Finnlandi segir hún ólíku saman að jafna. „Þar væru hvorki bakarí né bíó en hér er allt," segir hún. „Ég get unnið hvar sem er í tölvunni og Björgvin var í túristabransanum en fékk vinnu hjá Fjölmenningarsetrinu. Stelpurnar hafa eignast vini hér, sú eldri á líka góða vini í Reykjavík og fer ein á milli í flugi til að heimsækja þá eða þeir koma hingað."

Bókaskrif uppáhaldsvinnan

Satu er með meistarapróf í hagfræði og BA-próf í íslensku. Hún er með auglýsingastofu og vinnur með fyrirtæki í Finnlandi. „Svo skrifa ég bækur. Það er uppáhaldsvinnan en hún dugar ekki til að borga reikninga. Það er líka kostur fyrir mig að geta hitt fólk á Teams og Zoom og notað tungumálið mitt á hverjum degi." Hún kveðst skrifa bækurnar á finnsku, þær séu um 20 talsins, allar um Ísland, ferðabækur, kennslubækur og bækur um lífið í landinu. ■

Elsku maðurinn minn,
faðir, sonur og bróðir,

Sveinn Eyjólfur Tryggvason

frá Lambavatni, Rauðasandi,

lést af slysförum sunnudaginn 30. maí.
Útför verður frá Patreksfjarðarkirkju,
laugardaginn 12. júní klukkan 14.
Athöfninni verður streymt á http://bit.ly/utfor-eyfa
Þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning sem stofnaður hefur verið til styrktar börnum hans,
0123-15-030020, kt. 1906705039.

Fyrir hönd aðstandenda,
Margrét Brynjólfsdóttir
Edda Sól, Saga, Halldór Jökull, Vilborg Líf, Tryggvi Sveinn, Hekla Margrét og Dalrós Ása Erla

---

Elskulegur eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,

Marías H. Guðmundsson

lést 31. maí 2021.
Jarðarför hans fer fram frá Neskirkju
fimmtudaginn 10. júní kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á
Barnaspítala Hringsins og Blóðgjafafélag Íslands.

Halla Magnúsdóttir
Jakob Maríasson **Arléne Lucianaz**
Guðrún Ósk Maríasdóttir **Árni Björn Kristjánsson**
Auður Ása Maríasdóttir **Ingvar Birgisson**
og barnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigríður Friðrikka Jónsdóttir

sem lést 27. maí verður jarðsungin
frá Neskirkju, miðvikudaginn 9. júní kl.
13.00. Slóð á streymi er:
https://www.skjaskot.is/sigridur

Rebekka G. Gundhus **Anders Gundhus**
Anna Ólafía Guðnadóttir **Viðar Böðvarsson**
Arnfríður Lára Guðnadóttir **Sveinbjörn Lárusson**
Kristín Guðnadóttir **Einar Vignir Sigurðsson**
Jóna Björk Guðnadóttir **Jón Marinó Jónsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku mamma og pabbi,
tengdamamma og tengdapabbi,
amma og afi, langamma
og langafi,

Sigrún Ágústsdóttir og Guðlaugur Óskarsson

Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

létust á Landspítalanum í Fossvogi
miðvikudaginn 2. og laugardaginn 5. júní.
Útför þeirra mun fara fram í kyrrþey að ósk hinna látnu.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á B4 og B2 fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Gunnhildur G. Guðlaugsdóttir **Sævar Reynisson**
Eyjólfur Þór Guðlaugsson **Sigrún G. Jónsdóttir**
G. Sigríður Guðlaugsdóttir **Birgir Emil Jóhann Egilsson**
J. Helga Guðlaugsdóttir **Guðmundur Ásmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Elís Gunnar Kristjánsson

húsasmíðameistari,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 10. júní klukkan 13.

Ólafur Elísson **Stella Skaptadóttir**
Anna Björg Elísdóttir **Stefán Jóhann Björnsson**
Atli Þór Elísson
Hlynur Elísson **Addý Ólafsdóttir**
Trausti Elísson **Sif Þórsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku maðurinn minn,
bróðir, mágur og frændi,

Finnur Bárðarson

iðjuþjálfi,

lést á líknardeild Landspítalans 23. maí.
Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju,
fimmtudaginn 10. júní klukkan 15.

Iréne Jensen
Leifur Bárðarson **Vilborg Ingólfsdóttir**
Margrét María Leifsdóttir **Guðmundur Pálsson**
Inga María Leifsdóttir **Kristbjörn Helgason**
og börn þeirra.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Oddhildur Benedikta Guðbjörnsdóttir

lést á Landspítalanum
í Fossvogi laugardaginn 29. maí.
Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 9. júní klukkan 13.

Dýrfinna H. Sigurðardóttir **Oddur Theódór Guðnason**
Guðrún Birna Sigurðardóttir **Kristján Gunnar Pálsson**
Ingibjörg Erla Sigurðardóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Veðurspá Þriðjudagur



Suðlæg eða breytileg átt 3-8 í dag. Skýjað og sums staðar smáskúrir, en bjart með köflum A-lands. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast NA-til. ■

433.is

ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00

Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum. Hann fær til sín áhugaverða viðmælendur og helstu sparksérfræðinga landsins sem gera upp mál málanna.

Þátturinn er sýndur samtímis á Hringbraut og 433.is kl. 20.00.

HRINGBRAUT

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Lilja Ptácníková (2107) átti leik gegn Jóhönnu Björg Jóhannsdóttur (1990) á Íslandsmóti kvenna.

35. Hxe6! Þessi leikur hefði átt að duga til sigurs því **35...fxe6 36. Dxe6+ Kg7 37. Dxf6+! Kxf6 38. Rd5+** hefur hvítur gjörunnið. Jóhanna ákvað að berjast með **35...Dd4** og hélt jafntefli á ótrúlegan hátt eins og við sjáum í skákdálki morgundagsins. Þær komu jafnar í mark með 5½ vinning í sex skákum og þurfa að tefla einvígi með styttri umhugsunartíma um Íslandsmeistaratitilinn.
www.skak.is: Íslandsmót kvenna ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 FISKAR
5 HALLI
6 VAFI
8 TÓFTIR
10 ÞEGAR
11 ERTA
12 FYRIRHÖFN
13 SUNDFÆRI
15 KENNA
17 HUGLAUS

LÓÐRÉTT
1 DÁÐUM
2 SKRAUT
3 LOKA
4 BYGGJA
7 DJARFAR
9 LOSUN
12 HRÆÐA
14 SÆGUR
16 Í RÖÐ



LÁRÉTT: 1 aflar, 5 fía, 6 ef, 8 rústir, 10 er, 11 æsa, 12 omak, 13 uggi, 15 mennta, 17 ragur.
LÓÐRÉTT: 1 afrekum, 2 flúr, 3 lás, 4 reisa, 7 frakkar, 9 tæming, 12 ógna, 14 ger, 16 tu.

Sudoku

	1	4		2				
	2				4		9	5
3	5					6		
			1			9	6	
8	4	9			2			
7				5		2		
		5	7	4			2	
						4	1	
	9	6		1		7		

1	7						2	4
4					2			
	5	9	3					
9				3	7			8
	1	4		2	9		3	
8			9	6				5
			1			3		
		5		8			1	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

hetanker

SÆTI ;)

HET-ANKER
NÝ SENDING

VORUM AÐ FÁ Í HÚS NÝJA SENDINGU FRÁ **HET-ANKER**, BEINT FRÁ HOLLANDI.
FULL BÚÐ AF SÓFUM OG STÓLUM SEM GERA HEIMILIÐ ÞITT EINSTAKLEGA SÆTT.

KOMDU OG FÁÐU ÞÉR SÆTI ;)

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Ragnar Jónasson skrifar glæpasögu með Katrínu Jakobsdóttur

kolbrunb@frettabladid.is

Ragnar Jónasson

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra verður glæpasagnahöfundur.

Ragnar Jónasson er í ítarlegu viðtali við The Times þar sem hann segir meðal annars frá því að hann sé að vinna að bók með Katrínu Jakobsdóttur, þau séu góðir vinir og fyrir utan að vera forsætisráðherra sé hún helsti sérfræðingur þjóðarinnar í íslenskum glæpasögum.

Blaðamaðurinn segir í inngangi að Ísland sé miklu öflugra á sviði glæpasagna en fólksfjöldinn segir til um. Arnaldur Indriðason og Yrsa Sigurðardóttir séu í hópi fremstu glæpasagnahöfunda heims og nú hafi Ragnar Jónasson bæst í hópinn og með nýjustu bók sinni, Þorpinu, sé hann orðinn ein mikilvægasta röddin í heimi alþjóðlegra glæpasagna. ■

APOTEK
KITCHEN+BAR

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

JÚNÍ TILBOÐ
1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is

Ég finn mér samastað í bókmenntum og tungumálinu, segir Ingólfur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dramatísk frásögn sem einkennist af hlýju

Ingólfur Eiríksson hlaut á dögunum Nýræktarstyrk fyrir skáldsögu sína, Stóra bókin um sjálfsvorkunn.

kolbrunb@frettabladid.is

„Ég er óskaplega þakklátur og auðmjúkur. Margir frábærir rithöfundar sem ég lít mjög upp til hafa fengið þennan styrk í gegnum tíðina," segir Ingólfur.

Hann er fæddur árið 1994, lauk BA-prófi í íslensku og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands 2017, meistaraprófi í nútímabókmenntum frá Háskólanum í Edinborg 2019 og meistaraprófi í ritlist frá Háskóla Íslands 2021. Eftir hann hafa komið út ljóðsagan Klón: Eftirmyndasaga, sem hann gaf út með Elínu Eddu og ljóðabókin Línuleg dagskrá. Hann var reglulegur pistlahöfundur hjá Lestinni á Rás 1 vorið 2021 með innslögin Bréf til Birnu og hefur ásamt Matthíasi Tryggva Haraldssyni þýtt leikritin Sími látins manns eftir Söruh Ruhl og Doktor Fástus í myrku ljósi eftir Gertrude Stein. Þá hefur hann birt ljóð í Tímariti Máls og menningar og víðar.

Þegar blaðamaður spyr Ingólf hvort kalla megi hann ástríðubókmenntamann segir hann: „Ég held að það megi alveg segja það. Ég er ekki mög fjölhæfur maður en finn mér samastað í bókmenntum og tungumálinu."

Hann fær styrkinn fyrir fyrstu skáldsögu sína. Í umsögn bókmenntaráðgjafa segir meðal annars um verkið: „Uppbyggingin einkennist af sérlega vel heppnuðum skiptingum milli tímasviða og stíllinn er áreynslulaus en býr yfir lúmskum húmor og kaldhæðnum undirtóni."

Um söguþráðinn segir Ingólfur: „Bókin fjallar um ungan mann sem fer í leikaranám til London. Allt byrjar nokkuð vel hjá honum en brátt fara geðræn vandamál að láta á sér kræla og hann fær ákveðna þráhyggju fyrir gömlu fjölskylduleyndarmáli sem átti sér stað í borginni. Sagan fjallar um það hvernig veruleikinn molnar undan honum.

Ég er að skrifa um alvarleg málefni en reyni að gera það á hátt sem mér finnst einlægur og hlýr. Ég er veikur fyrir bókmenntum þar sem höfundur talar og skrifar af mikilli hlýju, eins og Zadie Smith. Þetta er dramatísk frásögn sem einkennist af hlýju."

Bókin er væntanleg hjá Máli og menningu í september. ■

Katrín Halldóra í Þjóðleikhúsið

kolbrunb@frettabladid.is

Katrín Halldóra er komin til starfa í Þjóðleikhúsinu FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Leik- og söngkonan Katrín Halldóra Sigurðardóttir hefur samið við Þjóðleikhúsið. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína á sviði undanfarin ár og segja má að hún hafi skotist upp á stjörnuhimininn í sýningunni Ellý í Borgarleikhúsinu þar sem hún hefur starfað undanfarin ár. Þar áður lék hún hjá Þjóðleikhúsinu, m.a. í hinni geysivinsælu sýningu Í hjarta Hróa Hattar. Auk leiklistarnáms þá stundaði Katrín Halldóra söngnám, bæði hér á landi og í Danmörku.

Á meðal verkefna hennar á næsta leikári verða stórt hlutverk í söngleiknum Sem á himni sem Unnur Ösp Stefánsdóttir leikstýrir og þá mun hún takast á við verk eftir Caryl Churchill, Ást og upplýsingar, sem Una Þorleifsdóttir leikstýrir, í þýðingu Auðar Övu Ólafsdóttur. ■

UEFA EURO2020

EM Í DAG

2 EM2020

Gummi Ben og Helena Ólafs fylgja þér í gegnum EM í sumar!

ALLA LEIKDAGA 21:00

UPPHITUN Í KVÖLD 21:00

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**

NÓA KROPP
HAGKAUP
Coca-Cola

RICHMOND
Hringlaga borðstofuborð úr olíuborinni eik með fiskbeinamynstri á borðplötu.
Stærð: Ø120 x 76,5 cm

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

59.994 kr.
~~99.990 kr.~~

BILOXI
3ja sæta sófi

77.994 kr. ~~119.990 kr.~~

eva solo

EVA SOLO
Tekanna

7.495 kr. ~~14.990 kr.~~

MIRAMAS
Glerskápur/svart birki
98.594 kr.
~~169.990 kr.~~

BROSTE
Ljósaperur verð frá 1.996 kr. ~~4.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Þriðjudagur

Hringbraut

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 **Eldhugar (e)** Í Eldhugum fer Snædís Snorradóttir og viðmælendur hennar út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
20.00 **433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
20.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
21.00 **Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

RÚV Sjónvarp

11.00 **Heimaleikfimi**
11.10 **Gönguleiðir** Leggjabrjótur
11.30 **Hraðfréttir**
11.50 **Risinn rumskar.** Bárðarbunga
12.15 **Músíkmolar**
12.25 **Biðsalur eða betri stofa**
12.55 **Tilraunin - Seinni hluti**
13.40 **Menning í mótun**
14.35 **Gleðin í garðinum**
15.05 **Á vit draumanna**
15.50 **Pólland - Ísland** Bein útsending frá landsleik í fótbolta karla.
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Rosalegar risaeðlur**
18.29 **Hönnunarstirnin**
18.46 **Bílskúrsbras**
18.50 **Sumarlandabrot 2020**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós**
19.50 **Menningin**
20.00 **Martin Clunes. Eyjar Ameríku Martin Clunes. Islands of America** Ferðaþættir þar sem leikarinn Martin Clunes úr þáttunum um Martin lækni ferðast um strendur Ameríku og kynnist eyjunum þar í kring. Á ferðalagi sínu virðir hann fyrir sér kyngimagnaða náttúru, kynnist fjölbreyttu dýralífi og ræðir við sagnfræðinga og heimamenn.
20.55 **Græni slátrarinn. Den grøne slaktaren** Sænskur matreiðsluþáttur í umsjón Anne Lundberg og Pauls Svensson. Þau grænvæða vinsæla rétti og skora á kokka að vinna með nýstárlegt hráefni. Jurtaríkið er einungis nýtt að hluta til matar og því er þar enn falin matarkista. Þau ferðast um Skán í leit að hinu óþekkta græna hráefni.
21.30 **Gösta** Sænskir gamanþættir um barnasálfræðinginn Gösta.
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Gátan ráðin í San Francisco Bletchley Circle. San Francisco**
23.05 **Þýskaland '86 Deutschland '8612**
23.50 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

07.30 **US Women's Open** Útsending frá U.S. Women's Open.
11.30 **US Women's Open**
15.30 **US Women's Open**
20.30 **US Women's Open**

Sjónvarp Símans

06.00 **Síminn + Spotify**
12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.05 **Life Unexpected**
15.50 **90210**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **The Block**
20.10 **Líf kviknar**
20.45 **Younger** Liza Miller er fertug og nýfráskilin. Eftir árangurslausa leit að vinnu ákveður hún að gjörbreyta lífi sínu og þykjast vera 26 ára.
21.15 **Bull**
22.05 **Hightown**
23.00 **Pose**
00.00 **The Late Late Show**
00.45 **Love Island**
01.40 **Ray Donovan**
02.30 **Normal People**
03.00 **Chicago Med**
03.45 **Queen of the South**
04.25 **Síminn + Spotif**

RÚV Rás 1

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið** Fyrri og seinni hluti
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Lofthelgin**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Frjálsar hendur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Hvar erum við núna?** (2 af 11)
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.30 **Kvöldsagan. Njáls saga** (18 af 29)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

11.40 **Dater's Handbook**
13.05 **Call of the Wild**
14.45 **Palm Beach**
16.20 **Dater's Handbook**
17.45 **Call of the Wild**
19.20 **Palm Beach**
21.00 **Mile 22**
22.30 **The Hangover Part 2** Geggjuð gamanmynd frá 2011 með einvala liði grínleikara.
00.10 **Vox Lux** Dramatísk tónlistarmynd frá 2018.
02.00 **Mile 22**

Stöð 2

08.00 **Heimsókn**
08.15 **The O.C.**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **Divorce**
09.55 **Logi í beinni**
10.40 **Your Home Made Perfect**
11.40 **NCIS**
12.20 **Friends**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **Grey's Anatomy**
13.45 **Ísskápastríð**
14.15 **Who Wants to Be a Millionaire**
15.00 **Lýðveldið**
15.20 **Feðgar á ferð**
15.45 **BBQ kóngurinn**
16.05 **City Life to Country Life**
17.05 **Fréttaþáttur EM 2020** Upphitunarþættir fyrir lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu, EM 2020, sem fer fram í sumar. Í þættinum er fjallað um tvær þátttökuþjóðir og stiklað á stóru um lokakeppnina sjálfa.
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Einkalífið** Þættir í umsjón Stefáns Árna Pálssonar en í þeim er rætt við Íslendinga sem eru að skara fram úr á sínu sviði.
19.40 **Last Man Standing**
20.05 **Shrill**
20.30 **The Girlfriend Experience**
21.05 **S.W.A.T.**
21.50 **Last Week Tonight with John Oliver**
22.20 **The Wire**
23.20 **The Gloaming**
00.15 **Coroner**
00.55 **LA's Finest**
01.45 **The O.C.**
02.30 **Divorce**
02.55 **NCIS** Geysivinsælir og léttir spennuþættir sem fjalla um Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandarísku sjóhersins.

Stöð 2 Sport

08.55 **Pepsi Max Stúkan**
09.35 **Dominos Körfuboltakvöld**
10.05 **Keflavík - KR** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
11.45 **FH - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild karla.
13.10 **Haukar - Afturelding**
14.35 **Selfoss - Stjarnan**
16.00 **Valur - KA**
17.30 **Seinni bylgjan karla - Upphitun**
17.55 **ÍBV - Valur** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
19.30 **Stjarnan - Haukar** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
21.10 **Seinni bylgjan - karla**
22.10 **Keflavík - KR**
23.50 **Dominos Körfuboltakvöld**

Stöð 2 Sport 2

08.35 **Þýskaland - Lettland**
10.15 **Playoff leikur** Útsending frá leik í NBA.
12.05 **Playoff leikur** Útsending frá leik í NBA.
13.55 **England - Austurríki**
15.35 **Real Madrid - Valencia** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
17.15 **4-liða leikur - Leikur 1**
19.00 **Frakkland - Búlgaría** Bein útsending frá vináttulandsleik til upphitunar fyrir EM 2020.
21.05 **Þýskaland - Lettland**
22.45 **4-liða leikur - Leikur 2** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.

KOMDU MEÐ!

Árleg fjölskylduganga Ljóssins á Esjuna verður 9. júní





Við göngum af stað klukkan 11:00

Árleg fjölskylduganga Ljóssins verður miðvikudaginn 9. júní.
Lagt verður af stað upp Esjuhlíðar kl. 11:00. Við hvetjum alla þjónustuþega og aðstandendur, sem og allt okkar velgjörðarfólk til að ganga með okkur. Hver og einn gengur á sínum hraða og eins langt og hann treystir sér til.

Við hlökkum til að sjá ykkur,
Starfsfólk Ljóssins

Ljósið

Hrafn á sýningunni SKRÖLT III í Kaupmannahöfn.

Sigraðist á mótlæti og fór að mynda

Ljósmyndarinn Hrafn tekur þátt í stærstu ljósmyndahátíð Norðurlandanna. Hann fékk heilablóðfall árið 2009 og nýtir ljósmyndunina til að veita öðrum innsýn í sitt sjónarhorn sem fatlaðs einstaklings.

steingerdur@frettabladid.is

Ljósmyndarinn Hrafn Hólmfríðarsson Jónsson, oftast kallaður Krummi, tekur nú þátt í stærstu ljósmyndahátíð sem haldin er á Norðurlöndunum, Copenhagen Photo festival. Hún stendur yfir frá 3.–30. júní og verða yfir þrjátíu sýningar í gangi yfir þetta tímabil. Hrafn er eini Íslendingurinn sem sýnir á hátíðinni í ár. Það verður að teljast mikill heiður að Hrafn hafi verið einn af þeim þrjátíu sem boðin var þátttaka. Hrafn byrjaði að taka ljósmyndir árið 2017 eftir að hafa keypt myndavél í Fotografika á Strikinu

„Ég er þrjátíu og eins árs Vesturbæingur. Ég fékk heilablæðingu árið 2009 og varð í kjölfarið fatlaður. Ljósmyndun hefur gert mér kleift að taka mína ófærni í sátt og einblína á það sem ég er fær um að gera. Ég hafði þörf á að sýna og tjá mitt sjónarhorn sem fatlaður einstaklingur en áhuginn minn þróaðist hratt í almennan áhuga á ljósmyndunarmiðlinum," útskýrir Hrafn, sem útskrifaðist úr Ljósmyndaskólanum í janúar.

Hrafn segir þó ljósmyndunina alltaf hafa verið mikið í hans nærumhverfi.

„Þannig lá það beint fyrir mér að tjá mig á þann hátt."

SKRÖLT III er titillinn á ljósmyndaverkinu sem er til sýnis á Copenhagen Photo Festival.

„Það er þriðji kaflinn í heildarljósmyndaverkinu SKRÖLT, þar sem ég skrölti um mitt nærumhverfi í Vesturbænum og tek ljósmyndir."

> **Ljósmyndun hefur gert mér kleift að taka mína ófærni í sátt og einblína á það sem ég er fær um að gera.**

SKRÖLT III sýnir framandi upplifun á nærumhverfi Hrafns eftir að samkomubann var sett á í faraldrinum.

„Á þeim skrítnu tímum skrölti ég áfram og raðaði flóknum, jafnvel óþekktum hugsunum í ljósmynd. Myndavélin spilaði stórt hlutverk í faraldrinum hjá mér, að mynda þetta ástand, brjóta það upp. Það að finna mitt eigið samhengi færði mér ró og rými til að skilja. Titillinn SKRÖLT er skírskotun í mitt óhefðbundna göngulag," segir Hrafn.

Hrafni finnst áhugaverðast að taka ljósmyndir í aðstæðum sem flestir myndu ekki telja ástæðu til að mynda.

„Svo finnst mér líka flókið að orða minn stíl, ég skrölti um og tek ljósmyndir, finnst það vera minn stíll."

Ljósmyndaskólinn vakti áhuga útskriftarnema á því að senda inn umsókn í verkefni sem heitir Futures Nordic og er á vegum Copenhagen Photo Festival og Futures Photography.

„Bæði samtök vinna að því að vekja athygli á ungum ljósmyndurum á Norðurlöndunum og þátttaka í sýningunni er hluti af þessu verkefni. Þetta Futures Nordic-verkefni er enn í gangi og spennandi hlutir í burðarliðnum," segir Hrafn. ■

Sýningin er sú þriðja í röð sýninga Hrafns sem hann kallar Skrölt. MYND/HRAFN



Hrafn byrjaði fyrst að ljósmynda fyrir alvöru árið 2017, eftir að hafa fjárfest í myndavél á Strikinu. MYND/AÐSEND

Ljósmyndarinn myndar helst í svarthvítu. MYND/HRAFN

Áhugi Hrafns á ljósmyndun þróaðist mjög hratt.

Verkin á sýningunni eru sýnd á mjög óhefðbundinn hátt. MYND/HRAFN

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Sumarblóm

43%

Stjúpur 10 stk.

1.290 kr

~~2.290 kr~~

25% afsláttur

Öll sumarblóm og garðplöntur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Allar sláttuvélar

20% afsláttur

Gerir upp erfitt tímabil á nýrri plötu

Daníel Ómar er nítján ára tónlistarmaður úr Árbænum og gengur undir listamannsnafninu Drómi. Hann gefur út lagið Úthald næsta föstudag og plötu viku síðar.

steingerdur@frettabladid.is

Daníel Ómar Hauksson gefur út tónlist undir listamannsnafninu Drómi.

„Það nafn lýsir mér mjög vel þar sem orðið kemur frá að vera „draumóri“. Mig dagdreymir mikið og á marga drauma og markmið sem mig langar að ná. Til dæmis þegar það kemur að tónlist, tölvuleikjagerð og kvikmyndagerð,“ útskýrir hann.

Daníel segist hafa verið kominn á unglingsaldur þegar hann byrjaði fyrst að skapa tónlist.

„Ég var ekki alinn upp í kringum mikla tónlist og spilaði ekki á hljóðfæri. Mamma mín hlustaði mikið á Nýdanska og pabbi á rokkið.“

Daníel segist hafa gengið í gegnum ýmislegt í þessu lífi og þráði hann einhverja leið til að tjá líðan sína.

„Ég hef gengið í gegnum ýmislegt í þessu lífi og ég þráði einhvers konar leið til að tjá hvernig mér leið. Ég byrjaði þannig að skrifa texta í lok 2016. Ég fékk mikla ástríðu fyrir tónlist og ég bara ætlaði að verða tónlistarmaður. Ég hafði samt engan bakgrunn eða neina hæfni til þess. Þannig ég æfði mig á hverjum einasta degi, alveg sama hvað fólki fannst um tónlistina.“

Einlægir textar

Núna segist Daníel orðinn stoltur af útkomunni og aukinni færni. Hann segist duglegur að prófa sig áfram.

„Þá til dæmis hvernig texta ég skrifa. Er ég að gera textana flata og „basic“ eins og allir aðrir eru að gera? Mér finnst mikilvægt að vera hreinskilinn í mínum textaskrifum og segja einhverja sögu eða pælingar,“ segir Daníel.

„Þessi plata sem ég er að gefa út þarnæsta föstudag er sjö laga „concept“ plata sem segir ákveðna sögu frá upphafi til enda. Ég passa að offóðra ekki þannig að það sé rosa áberandi fyrir þá sem hafa ekki áhuga á lögum sem segja sögu. En fyrir þá sem rýna í textana, þeir geta heyrt þessa sögu þróast.“

Lagið Úthald kemur út, líkt og áður kom fram, á föstudaginn. Það fjallar um tímabil í lífi Daníels fyrir tveimur árum, þegar hann gekk í gegnum sambandsslit.



Úthald kemur út á föstudaginn.

„Ég var þannig týpa, sem bendir á alla aðra nema sjálfa sig, sár og lætur það bitna á öðrum. Í gegnum plötuna sjáum við týpuna sem byrjar að líta inn á við, biðjast afsökunar og að taka ábyrgð á hegðun sinni,“ útskýrir Daníel.

Fær innblástur víða

Úthald er annað lagið á plötunni og er það raunverulega byrjun á sögunni.

„Það er „pródúserað“ af Mími Bodinaud og Úlfi Ingólfssyni, sem gengur undir listamannsnafninu Trudzer. Aðkoma þeirra að laginu er svo frábær og við vorum í rúmlega hálft ár að klára það og svo tóku við nokkrir mánuðir þar sem Mímir var að að hljóðblanda það og fínpússa.“

Daníel segist fá innblástur víða.

„Ég fæ alls staðar innblástur. Til dæmist frá tónlist hérna í senunni, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum. En ég fæ líka innblástur frá því að hvetja aðra og segja sögur um fólk. Ég fæ innblástur frá fólkinu í kringum mig. Ég mun alltaf líta upp til tónlistarmanna sem fjalla um falleg og djúp þemu. En ég elska líka tónlist sem er engin pæling á bak við og get notið þess vel.“

Finnst þér auðveldara að tjá erfiðar tilfinningar með tónlist?

„Alveg hundrað prósent, þó ég ítreki að það er sjúklega mikilvægt að geta tjáð sig við sína nánustu og tala um hluti sem eru erfiðir eða eftir áföll. En að geta komið tilfinningunni sjálfri og geta séð aðra finna fyrir henni eru galdrar tónlistarinnar.“

> Ég var þannig týpa, sem bendir á alla aðra nema sjálfa sig, sár og lætur það bitna á öðrum.

Úthald kemur út 11. júní og platan viku seinna, þann 18. júní.

„Svo langar mig ótrúlega mikið að halda útgáfupartí fyrir plötuna og get ímyndað mér að fólkið þyrsti í tónleika og eitthvað nýtt í senuna.“ ■

Daníel Ómar byrjaði fyrst að skrifa texta sjálfur undir lok ársins 2016.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 7.–13. JÚNÍ 2021

DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Hauks Arnar Birgissonar

Ég á mér draum

Það var á tröppunum fyrir framan minnismerki Abrahams Lincoln, sem mannréttindafrömuðurinn Martin Luther King yngri flutti ræðu sem lét engan ósnortinn. „Ég á mér draum um að börnin mín fjögur muni einn daginn búa í landi þar sem þau verða ekki dæmd eftir húðlit sínum heldur eftir mannkostum sínum.“ Þetta voru firnasterk skilaboð, flutt í tímalausri ræðu. Síðan eru liðin tæp sextíu ár og enn í dag óma þessi frægu orð. Í skilaboðunum felast einföld sannindi: Við eigum rétt á því að komið sé fram við okkur út frá því hvaða manneskju við höfum að geyma, en ekki hvaða hópi við tilheyrum. Kynferði, kynhneigð, húðlitur eða trúarbrögð skipta engu máli.

Þrátt fyrir þessi skýru skilaboð Martins Luther King, sem flestir þykjast vera sammála, er það engu að síður svo að sjaldan hefur þjóðfélagsumræða verið eins gegnsýrð af flokkadráttum og hópamyndunum. Engu máli virðist skipta hvaða mannkostum einstaklingurinn býr yfir heldur skiptir öllu máli hvaða þjóðfélagshópi hann tilheyrir. Flokkunarárátta hefur borið skynsemina ofurliði og umræðunni er stýrt af fulltrúum mismunandi hópa, sem þykjast tala fyrir hönd annarra.

Það er ekki til neitt sem heitir „rödd“ kvenna, „vilji“ þjóðar, „skoðanir“ innflytjenda eða „sjónarmið“ karla. Þótt fólk fæðist inn í tiltekinn hóp þá deilir það ekki sjálfkrafa skoðunum. Margir eiga jafnvel ekkert sameiginlegt með öðrum í „sínum“ hópi. Konur eru ósammála öðrum konum og samkynhneigðir karlar geta verið ósammála samkynhneigðum konum. Öll erum við einstaklingar og ekkert okkar er eins og einhver annar. Þetta reyndi Martin Luther King að segja okkur og við megum leggja betur við hlustir. ■

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 7.–13. JÚNÍ 2021

★ GERIÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA í sumar

HEIMA ER BEST

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU – EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 439.900.-

BODYPRINT® Reverie® Sleep well tonight. Live better tomorrow.™

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

OUTLET

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

Svefn & heilsa ★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 – AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET – LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*

*Samkvæmt könnun frá Gallup.